



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

ICELANDIC TOURISM
RESEARCH CENTRE



Ábyrg eyjaferðapjónusta: Sjálfbær uppbygging ferðapjónustu í Grímsey og Hrísey

© Rannsóknamiðstöð ferðamála & Háskólinn á Hólum 2024

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála og Háskólinn á Hólum
Rafpóstur: rmf@rmf.is, holar@holar.is
Veffang: www.rmf.is, www.holar.is

Titill: Ábyrg eyjaferðaþjónusta: Sjálfbær uppbygging ferðaþjónustu í Grímsey og Hrísey

Höfundar: Laufey Haraldsdóttir og Ása Marta Sveinsdóttir

Byggðarannsóknasjóður og Vísindasjóður HA styrktu þetta verkefni

Númer: RMF-S-02-2024 og Ferðamáladeild Háskólans á Hólum 2024/1

ISBN: 978-9935-505-16-3

ISSN: 1670-8857

Forsíðumynd: Hrísey © Sigríður Kristín Jónasdóttir (SKJ). Aðrar myndir tóku Ása Marta Sveinsdóttir (ÁMS), Jóhanna María Elena Matthíasdóttir (JHEM) og Laufey Haraldsdóttir (LH)

Öll réttindi áskilin. Samantekt þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit.....	3	Annað.....	29
Mynda- og töfluskrá	4	Niðurstöður spurningakönnunar.....	31
Inngangur.....	6	Bakgrunnur ferðamanna: búseta og aldur	31
Áfangastaðirnir Hrísey og Grímsey	7	Ferðamáti, ferðafélagar og dvalarlengd	32
Hrísey	7	Hvati ferðar	35
Grímsey	8	Greitt fyrir skipulagða ferð	37
Náttúruvernd og ferðamennska	8	Upplifun og ánægja.....	37
Ábyrg ferðamennska og sjálfbær áfangastaðaáætlun	9	Ábyrg ferðamennska og ferðaþjónusta	39
Framkvæmd rannsóknar og gagnaöflun.....	10	Innviðir, upplýsingar og viðmót.....	40
Rýnihópaviðtöl	11	Niðurstöður GPS-rakninga.....	42
Íbúakönnun	12	Grímsey.....	42
Spurningakönnun, ferðamenn	12	Hrísey.....	43
GPS-rakning.....	12	Samantekt	44
Niðurstöður rýnihópaviðtala	14	Lokaorð	47
Nemendur í Hríseyjarskóla.....	14	Heimildir.....	48
Íbúar Hríseyjar, 18 ára og eldri.....	17		
Niðurstöður íbúakönnunar	23		
Lögheimili og búseta	23		
Tekjur af ferðaþjónustu.....	24		
Mikilvægi ferðaþjónustu og áhrif á lífsgæði.....	25		
Ábyrg ferðamennska og sjálfbær þróun	26		
Markaðssetning og markhópar	26		
Innviðir og umgengni	28		

MYNDA- OG TÖFLUSKRÁ

Mynd 1 Kría á flugi. Mynd LH.....	7
Mynd 2 Miðbær Hríseyjar. Mynd SKJ	7
Mynd 3 Ferðamenn skoða fugla í Grímsey. Mynd JMEM.....	8
Mynd 4 Á norðurhluta Hríseyjar er friðlýst æðarvarp. Mynd SKJ.....	9
Mynd 5 Traktoraferð um Hrísey. Mynd SKJ.....	10
Mynd 6 Lest í Grímsey. Mynd JMEM	10
Mynd 7 Þorpið í Hrísey. Mynd ÁMS.....	12
Mynd 8 Séð yfir höfnina í Grímsey. Mynd JMEM	13
Mynd 9 Gönguferð með leiðsögn í Grímsey. Mynd JMEM.....	13
Mynd 10 Þrjú svæði sem nemendur merktu inn á kort (merkt svart). Kort fengið af vefsíðu Ferðamálafélags Hríseyjar.....	17
Mynd 11 Séð niður að höfn í Hrísey þar sem ferjan liggur. Mynd ÁMS	21
Mynd 12 Bryggjan á Árskógssandi. Mynd LH.....	22
Mynd 13 Farþegar ganga frá borði í Hrísey. Vöruaferming. Mynd SKJ	22
Mynd 14 Gallerí Perla á hafnarsvæðinu í Hrísey. Mynd SKJ	22
Mynd 15 Lögheimili í Grímsey	23
Mynd 16 Lögheimili í Hrísey	23
Mynd 17 Búseta í Grímsey á ársgrundvelli	24
Mynd 18 Búseta í Hrísey á ársgrundvelli	24
Mynd 19 Tekjur af ferðaþjónustu. Hrísey og Grímsey.....	24
Mynd 20 Mikilvægi ferðaþjónustu fyrir samfélög eyjanna.....	25
Mynd 21 Áhrif ferðamanna á lífsgæði íbúa	25
Mynd 22 Ábyrg þróun ferðamennsku í Hrísey og Grímsey	26
Mynd 23 Áhersla á sjálfbæra þróun	26
Mynd 24 Viðhorf Grímseyinga til markaðssetningar og markhópa.....	27
Mynd 25 Viðhorf Hríseyinga til markaðssetningar og markhópa.....	27

Mynd 26 Viðhorf til innviða og umgengni ferðamanna. Grímsey og Hrísey	28
Mynd 27 Skúta við flotbryggju í Hrísey. Mynd SKJ	30
Mynd 28 Búseta svarenda í Grímsey.....	31
Mynd 29 Búseta svarenda í Hrísey.....	31
Mynd 30 Aldursdreifing gesta í Grímsey og Hrísey	31
Mynd 31 Fyrsta heimsókn til Grímseyjar og Hríseyjar	32
Mynd 32 Ferðamáti gesta til Hríseyjar sumarið 2023	32
Mynd 33 Ferðamáti gesta til Grímseyjar.....	32
Mynd 34 Upplifun af ferjusiglingu til Grímseyjar	33
Mynd 35 Upplifun af ferjusiglingu til Hríseyjar	33
Mynd 36 Ferðafélagar	33
Mynd 37 Dvalarlengd gesta.....	34
Mynd 38 Upplýsingaveita ferðamanna - Grímsey.....	34
Mynd 39 Upplýsingaveita ferðamanna - Hrísey.....	34
Mynd 40 Aðal hvati - Grímsey, erlendir gestir	35
Mynd 41 Aðalhvati - Grímsey, innlendir gestir.....	35
Mynd 42 Aðalhvati - Hrísey, erlendir gestir	36
Mynd 43 Aðalhvati - Hrísey, innlendir gestir.....	36
Mynd 44 Upplifun í Grímsey	37
Mynd 45 Upplifun í Hrísey.....	38
Mynd 46 Líkur á endurkomu.	39
Mynd 47 Viðhorf ferðamanna til ábyrgrar ferðamennsku. Grímsey	40
Mynd 48 Viðhorf ferðamanna til ábyrgrar ferðamennsku. Hrísey.....	40
Mynd 49 Viðhorf ferðamanna til innviða - Grímsey.....	41
Mynd 50 Viðhorf ferðamanna til innviða - Hrísey.....	41
Mynd 51 Dæmi um ferðir gesta um Grímsey. Hver mæling hófst og endaði við hafnarsvæðið.....	42

RANNSÓKNAMÍÐSTÖÐ FERÐAMÁLA OG HÁSKÓLINN Á HÓLUM

Mynd 52 Dæmi um ferðir gesta um Hrísey. Hver mæling hófst og endaði við hafnarsvæðið.....	43
Tafla 1 Greiðsla á skipulagðri ferð eða afþreyingu	37
Tafla 2 Hverjir skipuleggja ferðirnar	37
Tafla 3 Annað sem ferðafólk gerði í eyjunum.....	38
Tafla 4 Af hverju uppfyllti heimsóknin ekki væntingar?	39

INNGANGUR

Eyjar eru vinsælir áfangastaðir ferðamanna og aukin eftirspurn er eftir eyjaferðamennsku á heimsvísu, þar sem ferðamenn sækja í auknum mæli á fámenna staði (Agius o.fl., 2021; Santana o.fl., 2022). Ferðaþjónusta hefur sýnt sig að vera mikilvæg fyrir hagkerfi eyjasamfélaga sem eiga við fólksfækkun að stríða (Nilsson, 2008). Mikið er til af birtum rannsóknum á sviði ferðamála frá svokölluðum "heitum" eyjum sem margar hverjar eru staðsettar í Miðjarðarhafinu. Það er hins vegar minna til af slíkum rannsóknum frá „köldum" eyjum, líkt og eyjum á norðurlóðum. Ferðamennska á norðurlóðum hefur aukist gríðarlega síðustu árin (Palma o.fl., 2019). Það sem dregur ferðamenn að svæðinu er ekki bara hin viðkvæma og fallega náttúra heldur einnig samfélög og einstök menning á norðurhvara (Jóhannesson o.fl. 2022; Maher o.fl., 2014).

Eyjarnar Grímsey og Hrísey eru báðar náttúruperlur, þó ólíkar séu, og ríkar af fuglalífi sem er sterkt aðdráttarafli á ferðamenn. Sífelld fleiri ferðamenn sækja þær heim, sem hefur opnað á tækifæri til vaxtar í ferðaþjónustu. Uppbygging ferðaþjónustunnar hefur verið nokkur en án heildstæðrar nálgunar og innviðir atvinnugreinarinnar í báðum eyjum afar takmarkaðir. Samfélögin í eyjunum eru lítil, en þar búa samtals um 220 manns. Bæði byggðalögin hafa verið þátttakendur í byggðapróunarverkefninu *Brothættar byggðir*, þar sem markmiðið er að styrkja samfélög og auka atvinnutækifæri fyrir heimamenn.

Eyjarnar tvær skapa svæðinu og Norðurlandi í heild mikla sérstöðu þar sem þetta eru tvær af örfáum byggðum eyjum við Ísland. Þær eru

aðdráttarafli fyrir ferðamenn en eins og staðan er í dag eru íbúar eyjanna og svæðið í heild ekki að njóta nægilegs arðs af auðlindinni sem gæti nýst mun betur í þágu nærsamfélagsins.

Markmið þessa verkefnis var að kanna eðli og áhrif ferðaþjónustu og ferðamennsku í Hrísey og Grímsey, m.a. í þeim tilgangi að leggja grunn að gerð áfangastaðaáætlana fyrir eyjarnar tvær. Í dag er ekki til sérstök áfangastaðaáætlun fyrir eyjarnar, en þær eru þó báðar skilgreindar sem mikilvægir staðir í áfangastaðaáætlun Norðurlands (Markaðsstofa Norðurlands, 2021).

Áhersla er lögð á að rýna í þróun ábyrgrar ferðamennsku og ferðaþjónustu í tengslum við sjálfbæra uppbyggingu eyjanna sem áfangastaðar ferðamanna. Hagnýtt gildi verkefnisins felst í því að safna raungögnum í gagnagrunn sem nýtist til stefnumótunar og aðgerða fyrir eyjarnar. Það var gert í samtali við samfélögin í eyjunum og í samráði við stjórnslu svæðisins/Akureyrarbæ og Markaðsstofu Norðurlands - áfangastaðastofu. Nauðsynlegt er að til sé heildstæð útfærsla á eyjunum sem áfangastaðar ferðamanna, til hagsbóta fyrir samfélögin og náttúru eyjanna. Nýnæmi verkefnisins felst í sköpun þekkingar sem ekki er til staðar og sem hefur bæði vísindalegt og hagnýtt gildi.

Árið 2022 framkvæmdu skýrsluhöfundar rannsókn í Grímsey. Þar var aflað verðmætra gagna með rýnihópaviðtölum við íbúa og ferðaþjónustuaðila, ásamt einstaklingsviðtölum, spurningakönnun meðal ferðamanna og nýrri rannsóknaraðferð beitt til þess að kortleggja hreyfingu ferðafólks um eyjuna. Niðurstöður rannsóknarinnar birtust í

skýrslunni [Áfangastaðurinn Grímsey - núverandi staða og framtíðarsýn](#) (Ása Marta Sveinsdóttir og Laufey Haraldsdóttir, 2023).

Í þeirri rannsókn sem þessi skýrsla lýsir, og fram fór 2023, var aflað frekari gagna í Grímsey og Hrísey bætt við rannsóknina. Rannsóknin skiptist í nokkra verkþætti. Í fyrsta lagi voru tekin rýnihópaviðtöl við heimamenn í Hrísey í anda þess sem gert var í Grímsey 2022. Í öðru lagi var gerð íbúakönnun meðal íbúa eyjanna tveggja. Í þriðja lagi var framkvæmd spurningakönnun meðal ferðamanna í Grímsey og Hrísey, og í fjórða lagi var framkvæmd GPS rakning á ferðum ferðamanna um eyjarnar.

Mynd 1 Kría á flugi. Mynd LH



Jóhanna María Elena Matthíasdóttir og Sigríður Kristín Jónasdóttir sáu um gagnaöflun meðal ferðamanna og íbúa í Grímsey og Hrísey. Jóhanna María Elena gerði einnig gagnagreiningu á spurningakönnuninum. Auk þeirra var haft samráð við Jóhannes Árnason, verkefnastjóra áfangastaðapróunar hjá Markaðsstofu Norðurlands - áfangastaðstofa og Maríu Helenu Tryggvadóttur, verkefnastjóra ferðamála hjá Akureyrarbæ. Þau tóku meðal annars þátt í rýnihópaviðtölum við íbúa Hríseyjar. Rannsóknin er unnin með stuðningi frá Bygðarannsóknarsjóði Bygðastofnunar og Rannsóknarsjóði Háskólans á Akureyri.

ÁFANGASTAÐIRNIR HRÍSEY OG GRÍMSEY

HRÍSEY

Hrísey í Eyjafirði er næst stærsta eyja Íslands, 8 km² að stærð. Eyjan heyrir undir Akureyrarbæ síðan 2004 og eru um 160 manns skráðir þar með lögheimili 1. jan. 2023 (Hagstofa Íslands, 2023a). Sjávarútvegur hefur lengst af verið stærsta atvinnugrein þorpsins en ferðaþjónusta fer

Mynd 2 Miðbær Hríseyjar. Mynd SKJ



þar vaxandi. Flestir íbúar búa í þorpinu á suðurhluta eyjunnar, en norðurhlutinn er í einkaeign og þarf leyfi frá landeigendum til þess að fara þar um. Ferðamenn geta heimsótt eyjuna með ferjunni Sævari sem

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA OG HÁSKÓLINN Á HÓLUM

fer frá Árskógssandi og tekur ferðin um 15 mínútur. Skemmtiferðaskip hafa einnig verið að sigla beint til Hríseyjar yfir sumarið, þó í litlu mæli. Eyjan er vinsæl til útivistar og eru margar merktar gönguleiðir þar og einnig boðið upp á traktoraferðir suma daga sumarsins. Í Hrísey er að finna safn, veitingastað, gallerí, matvöruverslun, tjaldsvæði, gistiheimili, sumarhús og sundlaug sem er vinsæl meðal ferðamanna.

GRÍMSEY

Grímsey í Eyjafirði er fjórða stærsta eyja Íslands, 5,3 km² á stærð. Norðurheimskaupsbaugurinn liggur þvert í gegnum norðurhluta eyjarinnar sem er gríðarlegt aðráttarfl fyrir ferðamenn. Eyjan heyrir undir Akureyrarbæ síðan 2009 og eru skráðir íbúar með lögheimili 55 manns þann 1. jan. 2023 (Hagstofa Íslands, 2023b). Helsta atvinnugrein eyjarinnar er sjávarútvegur en líkt og í Hrísey hefur ferðaþjónustan farið vaxandi undandarin ár. Ferðamenn heimsækja eyjuna ýmist með ferjunni Sæfara frá Dalvík, flugi frá Akureyri eða með skemmtiferðaskipum. Í Grímsey geta gestir heimsótt handverksgallerí, veitingastað, matvöruverslun, sundlaug, notið útivista og ýmissar afþreyingar sem er í boði, svo sem lestarferð um eyjuna eða Jetsky á sjónum í kring. Þrjú gistiheimili eru í eyjunni og tjaldsvæði.

NÁTTÚRUVERND OG FERÐAMENNSKA

Samfélög í Grímsey og Hrísey hafa upplifað gríðarlega fjölgun ferðamanna yfir sumartímann síðustu ár, samhliða auknu álagi á náttúru eyjanna. Sem dæmi má nefna þá komu 29 skemmtiferðaskip til Grímseyjar sumarið 2022 og 48 skip sumarið 2023. Á þessum 48 skipum voru tæplega 19 þúsund manns, farþegar og áhöfn (Akureyrarhöfn, e.d.). Ekki koma þó allir í land af skipunum. Í Hrísey er tekið á móti færri skipum

eða átta sumarið 2023, en þangað koma einnig hópar af skemmtiskipaferðamönnum frá Akureyri og fara með ferjunni Sævari frá Árskógssandi út í eyju.

Samfélag og náttúra þessara eyja er viðkvæm og ljóst að í óefni stefnir verði ekki gripið í taumana sem fyrst að stýra þróun ferðamála þar.

Mynd 3 Ferðamenn skoða fugla í Grímsey. Mynd JMEM



Norðurhluti eyjanna beggja er á c-hluta Náttúruminjasrár sem þýðir að Náttúrufræðistofnun þykir sérstök ástæða til þess að vernda þessi svæði

vegna fjölskrúðugs fuglalífs. Um helmingur Hríseyjar hefur nú þegar verið friðlýstur undir æðarvarp yfir varptíma. Á eyjunum eru fuglategundir sem ná alþjóðlegum verndarviðmiðum, svo sem æður, teista, kría, rita, langvía, álka og lundi. Helstu ógnir við náttúru og dýralíf samkvæmt Náttúrufræðistofnun er fjölgun ferðamanna og bátaumferð. Bendir stofnunin á að betri stýring ferðamanna sé æskileg og sú verndarráðstöfun sem helst er þörf á (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2023).

ÁBYRG FERÐAMENNSKA OG SJÁLFBÆR ÁFANGASTAÐAÁÆTLUN

Meginmarkmið ábyrgrar ferðamennsku og ferðaþjónustu er að stuðla að jákvæðum efnahagslegum, félagslegum og umhverfislegum áhrifum greinarinnar (Mathew og Kumar, 2014). Mikilvægt er að tryggja ábyrga ferðamennsku fyrir lítil samfélög. Sýnt hefur verið fram á að gerð áfangastaðaáætlana sem miða að sjálfbærri þróun sé nauðsynleg til að stjórna ósjálfbærum áskorunum ferðaþjónustunnar, slíkt stuðli að jákvæðum samfélags- og umhverfisáhrifum greinarinnar. Sérstaklega fyrir áfangastaði sem upplifa fjölda ferðamennsku (Mihalic og Kušcer, 2022). Með rétttri stjórnun og stýringu má tryggja að áfangastaðir dafni. Virk þátttaka samfélaga gegnir þar lykilhlutverki. Með auknum skilningi á viðhorfi nærsamfélagsins til ferðaþjónustu og ferðamanna er meiri líkur á að ferðaþjónusta megi þróast í sátt við umhverfi sitt. Aukinn skilningur á þörfum ferðamanna ýtir undir nýsköpun og vöruþróun á sviði ferðamála. Að kortleggja ferðahegðun gesta leggur grunn að uppbyggingu innviða í þágu náttúru, og allt þetta samanlagt eykur líkur á fjárhagslegri sjálfbærni ferðaþjónustunnar. Til þess að hægt sé að hefja stefnumótandi vinnu í kringum atvinnugreinina þarf að afla raungagna

sem endurspeglar veruleika þess samfélags og umhverfis sem um ræðir. Þessari rannsókn er ætlað að koma til móts við það.

Mynd 4 Á norðurhluta Hríseyjar er friðlýst æðarvarp. Mynd SKI



Mynd 5 Traktoraferð um Hrísey. Mynd SKJ



Mynd 6 Lest í Grímsey. Mynd JMÉM



FRAMKVÆMD RANNSÓKNAR OG GAGNAÖFLUN

Gagnaöflun fór fram í Grímsey og Hrísey í Eyjafirði sumarið 2023. Aflað var gagna frá ferðafólki jafnt sem heimafólki. Gagna var aflað um upplifun, væntingar og þarfir ferðamanna í eyjunum, ásamt því að framkvæma svokallaða GPS rakningu á afmörkuðum hópi þeirra. Samhliða fóru fram rýnihópaviðtöl við íbúa í Hrísey og viðhorfskönnun var gerð meðal íbúa í Grímsey og Hrísey. Tilgangurinn var, sem fyrr segir, að afla raungagna til að byggja á við uppbyggingu ábyrgrar ferðþjónustu með atvinnusköpun og styrkingu samfélaganna í eyjunum að leiðarljósi. Verkefnið var áframhald rannsókna í Grímsey sumarið 2022. Þannig var;

1. Eðli og áhrif ferðþjónustu/-mennsku í Hrísey skoðuð og áhrif hennar greind, til jafns við það sem gert var í Grímsey 2022, þar sem þolmörk samfélags með tilliti til ferðþjónustu/-mennsku voru könnuð.
2. Notuð var nýstárleg aðferð við kortlagningu á ferðahegðun gesta og framkvæmd GPS rakning meðal ferðamanna, ásamt því að leggja fyrir þá spurningakönnun.
3. Áhersla var lögð á samtal og samstarf við íbúa. Tilgangurinn var að afla samanburðagagna og fá heildstæða mynd af ferðamálum á eyfirsku eyjunum til að byggja á til framtíðar, til dæmis í stefnumótun, áætlana- og skipulagsgerð.

Í rannsókninni voru notaðar blandaðar rannsóknaraðferðir þar sem gagna var aflað með eigindlegum og megindegum hætti. Rannsóknin var fjölbreytt og skiptist í nokkra verkþætti;

RANNSÓKNAMÍÐSTÖÐ FERÐAMÁLA OG HÁSKÓLINN Á HÓLUM

- Í fyrsta lagi voru farnar átta vettvangsferðir til Hríseyjar í gagnaöflun. Fyrsta ferðin var farin í maí áður en að ferðamannatímabilið hófst. Þrjár ferðir voru farnar í júní, þrjár í júlí, og ein ferð farin í ágúst. Gögnum var aflað jafnt og þétt yfir sumarið í Grímsey, þar sem rannsakandi dvaldi í eyjunni meirihluta sumars.
- Í öðru lagi voru skipulagðir þrjú rýnihópar 17 einstaklinga sem eiga heimilisfesti í Hrísey. Þar af 10 grunnskólabörn.
- Í þriðja lagi var lögð fyrir spurningakönnun meðal íbúa í Hrísey og Grímsey um viðhorf þeirra til ferðamanna, innviða og ferðaþjónustu í eyjunum.
- Í fjórða lagi var framkvæmd spurningakönnun meðal ferðamanna í Grímsey og Hrísey.
- Í fimmta lagi var framkvæmd GPS-rakning meðal ferðamanna í báðum eyjunum til þess að kortleggja ferðir gesta um þær.

RÝNIHÓPAVIÐTÖL

Rýnihópaviðtöl voru framkvæmd þann 26. maí og aftur þann 21. júní á bókasafninu í Hrísey.

Fyrri rýnihópaviðtalið var framkvæmt meðal barna í 6-10. bekk Hríseyjarskóla. Um það leiti sem rannsóknin var að fara af stað vorið 2023 kom í ljós að nemendur í efri bekkjum Hríseyjarskóla hefðu nýlega lokið við þátttöku í Erasmus+ Island Schools verkefni sem snérist um sjálfbærni eyjasamfélaga þar sem ferðamál voru í brennidepli. Rannsakendum þótti mikilvægt að fá sjónarhorn sem flestra og því var

ákveðið að ræða við þessa nemendur. Rætt var við krakkana í tveimur aðskildum hópum, þ.e. 6-8. bekk og 9-10. bekk. Skriflegt leyfi var fengið frá foreldrum/forráðamönnum barnanna fyrir viðtölunum og haft samráð við kennara og skólustjórnendur, sem og Kennaradeild Háskólans á Akureyri sem stýrði íslenska hluta Erasmus+ verkefnisins. Alls tóku tíu nemendur þátt í viðtölunum en ákveðið var að nefna hvorki né númera svör viðmælenda svo síður væri hægt að rekja þau til einstaklinga. Öll voru þau áhugasöm og tóku virkan þátt í viðtölunum, þó sum væru virkari en önnur. Rannsóknir hafa sýnt að þátttaka barna í sjálfbærniaðgerðum ferðamála er mikilvæg. Það að virkja börn í ábyrgum áætlunum ferðaþjónustunnar jafngildir langtíma stefnumótun sem mun borga sig til lengri tíma litið (Seraphin o.fl., 2020).

Seinna rýnihópaviðtalið var framkvæmt meðal íbúa Hríseyjar með sambærilegum hætti og rætt var við íbúa í Grímsey árið áður. Var fundurinn auglýstur með góðum fyrirvara sem opinn fundur íbúa. Markmiðið með rýnihópunum var að fá fram umræður og skoðanaskipti Hríseyinga á stöðu og þróun ferðaþjónustu í eyinni. Við gerð viðtalsramma var stuðst við rammann sem notaður var í Grímsey, þar sem megináherslan var á að ræða upplifun af ferðaþjónustu, jákvæðar og neikvæðar hliðar ferðamenskunnar í Hrísey og framtíðarsýn heimamanna. Ekki voru tekin viðtöl við börn í Grímsey því mjög fá börn dvelja í eyjunni árið um kring eftir að skólahald í Grímseyjarskóla var lagt niður 2019.

Mynd 7 Þorpið í Hrísey. Mynd ÁMS



ÍBÚAKÖNNUN

Erfitt reyndist að fá úrtakslista yfir íbúa eyjanna vegna smæðar samfélaganna. Því var ákveðið að ganga í hús í báðum eyjunum til þess að safna svörum. Spyrrill afhenti íbúum spurningalista og ýmist beið eftir að svarað var eða nálgast svörin síðar. Samtals söfnuðust 106 útfylltar kannanir og var svarhlutfall íbúa í Grímsey um 73% og í Hrísey um 40%. Hluti spurninga sem notaður var í spurningakönnuninni var fenginn úr spurningabanka íbúaviðhorfsrannsókna Eyrúnar Jennýjar Bjarnadóttur sérfræðings hjá Rannsóknamiðstöð ferðamála sem unnið hefur

rannsóknir á félagslegum áhrifum ferðapjónustu bæði á landsvísu og í einstaka samfélögum.

SPURNINGAKÖNNUN, FERÐAMENN

Markmiðið með spurningakönnuninni var að fá greinargóða þekkingu á væntingum, upplifun og ferðahegðun gesta. Við hönnun spurningalistans var tekin mið af spurningakönnuninni sem framkvæmd var í Grímsey sumarið áður. Spurningalistinn var á ensku og íslensku. Spyrrill afhenti ferðamönnum útprentaða lista við brottför frá eyjunum en einnig var leitað eftir samstarfi við þjónustuaðila við dreifingu lista. Í Hrísey var boxum, þar sem hægt var að skila inn útfylltum könnunum, komið fyrir í Hríseyjarferjunni Sævari, á veitingastaðnum Verbúðin 66 og í Gallerí Perlu. Í Grímsey voru svarbox staðsett í Gallerí Sól við höfnina, auk þess sem svarblöðum var safnað í gistihúsunum Básam og Sveinsstöðum. Í Grímsey söfnuðust 415 útfylltar kannanir og í Hrísey söfnuðust 247 útfylltar kannanir. Munur á fjölda svara skýrist meðal annars af því að gagna var aflað jafnt og þétt í Grímsey þar sem rannsakandi bjó mest allt sumarið, á meðan gögnum í Hrísey var aflað í átta vettvangsferðum rannsakanda.

GPS-RAKNING

Síðustu ár hefur notkun GPS tækja (Global Positioning System) í ferðamálarannsóknum fengið aukna athygli (Shoval og Ahas, 2016; Sugimoto o.fl., 2019). Þetta tæki hefur gjörbylt getu rannsakanda til þess að fylgjast nákvæmlega með hegðunarmynstri ferðamanna og hjálpað hagaðilum áfangastaða að bera kennsl á landfræðileg einkenni þeirra. Slík innsýn í hegðun ferðamanna er ómetanleg fyrir þróun áfangastaða

sem og stjórnun og stefnumótun á félagslegum og umhverfislegum áhrifum ferðapjónustu (Lew og McKercher, 2006). Með GPS tækjunum er hægt að kanna nákvæmt hreyfimyndur gesta um náttúrutengda áfangastaði og þannig hægt að skilgreina hvaða svæði þarf að aðlaga ferðamynstri gesta eða gera ráðstafanir til að vernda fyrir ágangi (D'Antonio o.fl., 2022; Bielanski o.fl., 2018; Korpilo o.fl., 2017; Hallo o.fl., 2012). Gerðar voru 177 GPS mælingar í Grímsey og Hrísey, 107 í Grímsey og 70 í Hrísey. Þessar mælingar bætast við þær 94 sem mældar voru í Grímsey sumarið 2022. Þeim gestum sem samþykktu að taka þátt var

Mynd 8 Séð yfir höfnina í Grímsey. Mynd JMÉM



afhent lítið GPS tæki til þess að bera um hálsinn eða í vasa á meðan á dvöl þeirra stóð í eygni. Við lok heimsóknarinnar skiluðu gestirnir tækinu og svöruðu spurningakönnuninni.

Mynd 9 Gönguferð með leiðsögn í Grímsey. Mynd JMÉM



NIÐURSTÖÐUR RÝNIHÓPAVIÐTALA

NEMENDUR Í HRÍSEYJARSKÓLA

Nemendur Hríseyjarskóla voru sammála um að ferðamennska fari vaxandi í Hrísey. Nemendur voru spurðir hvað væri sérstakt við Hrísey og hvað það væri sem dregur ferðamenn til eyjarinnar. Við þeirri spurningu svöruðu flestir að náttúran og fuglalífið væru aðal aðdráttaraflið en einnig nefndu margir að kyrrðin, rólegheitin, fegurð eyjunnar og húsamenningin væri það sem einkennir eyjuna og drægi að fólk. Einn viðmælandi sagði meðal annars:

Svo er það líka húsamenningin. Það eru svo flott hús hérna. Það er búin að vera mikil uppbygging. Það eru margir að laga og dytta að og gera snyrtilegt.

Stór hluti eldri nemenda hafa sumarvinnu í Hrísey sem tengist ferðamennsku á einhvern hátt. Hluti þeirra vinnur til dæmis í Hríseyjarbúðinni, á veitingastaðnum Verbúðin 66, í Gallerí Perlu eða á ferjunni Sævari. Að þeirra mati skiptir máli að fá ferðamenn til Hríseyjar til þess að viðhalda þeirri þjónustu sem í boði er í eygni fyrir alla, bæði íbúa og ferðamenn.

Það er góður gróði fyrir búðina og veitingastaðina og sundlaugina ef það koma ferðamenn.

Einhver þarf að halda þessum hlutum sem eru hérna uppi. Heimamenn fara ekkert alltaf á safnið og þeir þurfa að græða til að halda því uppi.

Aðallega er það búðin, eins og þessar stóru helgar, við treystum á þær, Þorablót, Hríseyjarhátíð, Sjómannadagur, allt þetta. Þá treystum við á það að fólk sé að kaupa nógu mikið hérna þannig það verði ekki vesen í desember, janúar eða febrúar þegar það eru færri.

Einnig nefndu margir að það besta við það að fá ferðamenn væri að fá fleiri börn til Hríseyjar yfir sumarmánuðina. Krakkarnir leika sér oft saman í leikjum og krakkarnir eignast nýja vini sem koma sumir aftur næstu sumur með fjölskyldum sínum.

Það er gaman að fá fleiri krakka til að leika við.

Fólk sem kemur, Íslendingarnir sem koma og gista kannski eina nótt í bústað, við lærum að eignast nýja vini. Og það eru krakkar sem koma kannski aftur því við erum stundum í leikjum saman á kvöldin, á belgnum eða í fótbolta öll saman. Þannig það er eitthvað sem við lærum, hvernig við tölum við aðra krakka, þannig við erum ekki bara með okkar einkahúmor hérna í eyjunni og erum svolítið ein.

Þegar nemendur voru spurðir út í neikvæðar hliðar ferðamenskunnar í Hrísey voru þau flest sammála um að þær væru þegar ferðamenn fari ekki eftir reglum og bæru ekki virðingu fyrir íbúum og umhverfinu.

Já það eru dæmi um það að ferðamenn séu að ganga inn í garða, liggjandi á gluggum, og hendandi rusli í náttúrunni.

Ég held að fólk sé stundum bara - Jæja nú er ég komin til Hríseyjar og hér gilda engar reglur. Ég þarf ekkert að spenna beltið eða fylgja reglum hér.

Aðrir nefndu að neikvæð hlið ferðamenskunnar væri þegar það væru of margir ferðamenn í eyjunni.

Kannski aðallega því þá komumst við heimamenn ekkert að. Það er kannski fullt í laugina. Fullt af fólki niður á svæði. Fullt í búðinni. Biðröð út úr búðinni.

Það helsta sem þyrfti að bæta til þess að koma í veg fyrir þessar neikvæðu hliðar væri að auka upplýsingagjöf til gesta. Það myndi stuðla að ábyrgri ferðamennsku í Hrísey.

Það kom upp sú hugmynd að hafa upplýsingaskjá í ferjunni. Og síðan hafa fræðslur. Til dæmis við krakkarnir gætum farið í ferjuna og lesið upp texta og þá myndu ferðamenn kannski bera meiri virðingu fyrir reglunum okkar.

Og það fara allir í ferjuna sem koma hingað þannig það er erfitt að missa af þessu.

Og þeir sem koma með skemmtiferðaskipum eru nú þegar með reglur. Ferðamannafélagið setti í öll þau skip sem koma hingað reglur og það er bara farið mjög vel yfir það með ferðamönnum þar.

Nemendur voru sammála um að mikill munur væri á ferðamönnum sem kæmu með skemmtiferðaskipunum og öðrum ferðamönnum. Þar nefndu þau meðal annars:

Já algjörlega, fólk sem kemur á skemmtiferðaskipunum, þau hafa ákveðin ramma, eða glugga til að vera í eyjunni og labba þennan klassíska hring. Fara svo í safnið en fara ekkert

endilega í búðina. En það er meira svona eins og Íslendingurinn stoppi lengur, kannski 3 tíma en ekki 1,5.

Svo eru þau líka oft að koma á tímum sem eru ekki aðrir ferðamenn. Eða bara á tímum sem eru ekki aðrir og maður lítur út um gluggann og þá er kannski hópur af skemmtiskipaferðamönnum og það er hvort eð er enginn annar þannig það breytir engu þó þau komi.

Í framhaldi voru nemendur spurðir hvort þeir liti svo á að skemmtiskipaferðamenn væru betri eða verri ferðamenn en hinn almenni ferðamaður fyrir samfélagið í Hrísey. Því svöruðu þau:

Já það fer svolítið eftir því hvað þú ert að pæla í. Fyrir búðina er það ekkert sérstakt. En fyrir Verbúðina er það betra því þessir ferðamenn eru að fara ákveðinn hring og eru að fara, já það er bara búið að gera dagskrá fyrir þau.

Það er hagstæðara fyrir allt saman hérna að fá fjölskyldur sem fara í búðina og kaupir ís handa krökkunum og það fer í Verbúðina og vill fá eitthvað meira og svoleiðis.

Nemendur voru spurðir hvað það þýðir að vera ábyrgur ferðamaður. Þar nefndu sumir að mikilvægast væri að ferðamenn hlýddu reglum, hentu rusli í ruslatunnur, flokkuðu rusl og gengu vel um. Varðandi sjálfbæra ferðamennsku höfðu þau eftirfarandi að segja:

Já er sjálfbær ferðamennska ekki bara eitthvað sem borgar sig fyrir alla. Það er gott fyrir umhverfið, fyrir fólk sem býr hér og fyrir ferðamennina líka.

Það eru peningar og rekstur.

Það helsta sem nemendum fannst vert að bæta í tengslum við ferðapjónustuna var að lengja ferðamannatímabilið og þannig auka heilsárstörf fyrir íbúa, og gistingu.

Já það þarf að finna eitthvað hér til þess að ferðapjónustan geti verið hér allt árið um kring. Við erum búin að vera að tala um það. Til dæmis á sumrin hafa hjólaleigu og veturna gönguskíði. Þannig að þú getir búið hérna og verið með heilsársstarf. Það eru kannski ekki allir sem vilja vinna við ferðapjónustu en það eru kannski einhverjir.

Já það vantar gistaðstöðu fyrir fólk sem vill stoppa hérna lengur en einn dag.

Nemendur voru einnig spurðir hvað það væri sem þyrfti helst að bæta í Hrísey til þess að tryggja sjálfbæra framtíð Hríseyjar. Þar voru flestir sammála um að skortur á húsnæði væri þar helst til vandræða. Næstum helmingur allra húsa í Hrísey eru orlofshús.

Já svona íbúalega séð held ég að það sé húsnæði.

Það er mjög mikið af húsum hér sem hægt er að gista í. Það eru fleiri sumarhús heldur en hús sem búið er í allan ársins hring. Sem er ekki nógu gott. Það ætti að vera fleiri hús fyrir fólk til þess að búa í heldur en sumarhús.

Einn viðmælenda benti á mikilvægi þess að unga fólkið snéri aftur eftir að hafa menntað sig.

Samfélagsleg sjálfbærni er það að fólk er að koma aftur eftir að hafa verið í framhaldsskóla eða háskóla. Hríseyingar eru

að koma aftur sem eru búnir að mennta sig. Eins og er að gerast núna.

Krakkarnir voru allir sammála því að það væri mikill áhugi fyrir því að flytja til Hríseyjar. Þegar þau voru spurð út í hvað það væri sem dregur fólk til þess að setjast að í Hrísey nefndu þau:

Það eru leikskólapláss hérna.

Kyrrðin líka.


Það sem hefur verið lang mest akkúrat núna er tengingin við eyjuna. Það er fólk sem er að koma aftur. Það er búið að vera rosa mikið. Ég veit ekki hvort að sú bylgja er búin núna og annað fólk sé að koma. En það er alltaf fólk sem kemur kannski í 5 ár og svo er það farið. Það er mjög mikið um það.

Ekki voru allir sammála um að vilja búa í Hrísey á fullorðinsárum. Krakkarnir nefndu að þau þyrftu að flytja burt til þess að fara í áframhaldandi nám. Sumir voru ákveðnir í að koma til baka en flestum fannst líklegast að þau kæmu ekki aftur til þess að setjast að í Hrísey.

Í lok viðtalanna voru nemendur beðnir um að merkja inn á kort af Hrísey hvaða svæði þeim þótti mikilvægast að viðhalda eða vernda gegn ágangi ferðamanna (mynd 10). Það svæði sem merkt var við var þorpið og hafnarsvæðið, sem nemendum þótti mikilvægt að viðhalda og halda hreinu, svæðið í kringum Lambhagatjörn vegna fuglalífs og svæðið umhverfis Rauðu gönguleiðina þar sem nemendum þótti mikilvægt að settar yrðu upp ruslatunnur og upplýsingaskilti sem benti fólki á að skilja ekki rusl eftir í náttúrunni, hafa varan á hreiðrum á varptíma og að

lausaganga hunda og katta sé bönnuð. Að þeirra mati er of algengt að fólk virði ekki þessi atriði og hendi rusli, taki ekki tillit til fugla og hleypi hundum sínum lausum.

Mynd 10 Þrjú svæði sem nemendur merktu inn á kort (merkt svart). Kort fengið af vefsíðu Ferðamálafélags Hríseyjar.



ÍBÚAR HRÍSEYJAR, 18 ÁRA OG ELDRI

Á seinni rýnihópafundinn mættu nokkrir fullorðnir íbúar Hríseyjar. Fundarfólk lagði áherslu á að íbúar vilji ekki magnferðamennsku í eyjunni. Hvorki náttúra né samfélag sé til þess fallið að taka á móti miklum fjölda ferðamanna.

Þau sögðust hafa fengið nasasjón af magnferðamennsku sumarið 2020, þegar heimsfaraldur gekk yfir og landið var lokað fyrir erlendum ferðamönnum. Þá hafi á tímabili verið ókeypis í Hríseyjarferjuna og íslenskir ferðamenn hafi hópast út í Hrísey. Þá hafi fjöldi ferðamanna sem voru samtímis í eyjunni farið langt yfir þolmörk. Einn fundarmanna orðaði það sem „hræðilega upplifun“, annar sagði „það var rosalegt“. Ferðamennirnir hafi verið mjög ágengir, farið inn í garða hjá íbúum og annað sem þeir vilji ekki upplifa aftur. Samfélagið hafi á engan hátt verið undir þetta búið eða getað þjónustað allan þennan fjölda.

Áhersla er lögð á að ekki sé þörf á að fjölga ferðamönnum yfir sumartímann, en vetrartímann þurfi að nýta betur, jafnvel þó ferðamannatíminn hafi verið að lengjast bæði vor og haust. Kallað er eftir langtímaáætlun varðandi ferðamálin þar sem íbúar eyjunnar væru hafðir með í ráðum frá upphafi.

Allir voru sammála um að það sé gaman að fá gesti út í eyju og að almennt séu Hríeyingar gestrisnir. Nauðsynlegt sé þó að ferðamennskan skilji eitthvað eftir sig í samfélaginu.

Það einhvern veginn skilur ekkert eftir ef við ætlum að fá fullt af fólki í eyjuna og það getur bara grillað í grillhúsinu pylsuna sem það kom með, farið í sjósundið og farið í pottinn þar sem að kostar ekki neitt.

Varðandi það hvers konar ferðamennsku íbúar vilja sjá í Hrísey var nefnt að gönguferðir, gönguskíði, sjósund og önnur heilsutengd afþreying væri álitlegur kostur. Slíkt yrði hluti af því að byggja upp ásýnd eyjarinnar sem heilsutengdan áfangastað ferðamanna. Bæta þurfi þó aðgengi að áhugaverðum stöðum og treysta innviði svo hægt sé að bjóða uppá slíkt með markvissum hætti. Þá þurfi nauðsynlega að koma sjósundaðstöðunni í lag (sem nú er laskaður stigi niður að sjó) og byggja enn frekar upp. Koma mætti upp sjósundspotti, útiklefa til fataskipta og útigufubaði.

Nokkrir töldu eðlilegt að slík aðstaða yrði rekin í tengslum við sundlaugina þar sem óheppilegt væri að fara í samkeppni við aðstöðuna þar. Aðrir nefndu dæmi frá Hauganesi við Eyjafjörð þar sem iðkendur sjósunds borga í þar til gerðan kassa við sjóinn. Þar sé líka hægt að borga í gegnum app í símanum og á veitingastaðnum í þorpinu.

Eitt af því sem brann á nokkrum fundargesta og þau töldu að finna þurfi lausn á er opnunartími staða í Hrísey.

Ég veit það er auðvitað ekki grundvöllur fyrir því að vera með allt opið alltaf en það er nú svona sérstaklega fyrst á vorin að það er að koma fólk með ferjunni kl 12 - kannski 10 ferðamenn - og þá er allt lokað alls staðar. Það getur ekki fengið sér kaffi, þú veist, það getur hvergi sest inn. Útlendingar eru ekkert mikið að þæla í veðrinu, bara búin að skipuleggja sína ferð, en svo fara þau gönguleiðina og fólk er orðið kalt [...] meira að segja klósettið er læst - sem er á vegum bæjarins. Opnar ekki fyrir en 1. júní.

Við reyndum að berjast fyrir því, uppá þessa vetrarferðamennsku, að klósettið niðrá svæði yrði opið yfir

vetrartímann og það var voða erfitt. Niðurstaðan varð að klósettið í sundlauginni yrði opið, en svo varð ekkert úr því.

Það er leiðinlegt að fólk er að koma og svo er það að spyrja „hvar get ég fengið kaffi“ og hvar er þetta“ og maður eiginlega skammast sín stundum.

Fundarfólk taldi að það væri of seint að opna 1. júní því ferðamennska á svæðinu væri byrjuð fyrir. Nefnt var að Hríseyjarbúðin gæti ef til vill stigið fram með gott fordæmi og opnað fyrir á daginn yfir sumartímann og haft opið á sunnudögum. Það væri hægt að hugsa það sem samfélagslegt framtak þar sem rekstur hennar er styrkt af hinum opinbera.

Ef við ætlum að byggja þetta upp hérna þá verðum við að sýna meiri fagmennsku og bjóða uppá gæði. Færra fólk [ferðamenn] og betri þjónustu. Og jafnvel meira einstaklingsbundið til þess að koma til móts við ... það er hægt að taka hópa og sinna þeim líka.

Einn viðmælandi taldi að það megi markaðssetja það betur hversu fljótlegt og ódýrt það sé að koma til Hríseyjar. Það sé algengt að Íslendingar á eftirlaunum séu að koma þangað í fyrsta sinn og eru steinhissa á því hvað það er lítið mál að sigla útí eyjuna. Jafnvel íbúar á Akureyri viti ekki að það sigli ferja útí Hrísey á tveggja tíma fresti. Hægt sé að markaðssetja eyjuna fyrir Íslendingum, fjölskyldufólki og eldri borgurum til dæmis, og svo erlendu ferðafólki - en þetta séu afar ólíkir markhópar og hafi mismunandi þarfir. Til þess að það sé hægt þurfi þó að sameinast um að hafa staðina opna og bjóða uppá eitthvað.

Varðandi mismunandi væntingar og þarfir innlendra og erlendra ferðamanna segist einn viðmælandi oft tala við erlenda ferðamenn, ekki síst þýskumælandi og þeir segi;

Þetta er það sem við viljum, við viljum ró, við viljum kyrrð, við viljum ekkert prógram, við viljum ekkert hamagang og læti.

Öðru máli gegni með íslenska ferðamenn, þeir vilji tilbúna afþreyingu og dagskrá;

[Það] er svo vant að láta þjónusta sig og þeim sé rétt upp í hendurnar...

Íslendingurinn hann þarf alltaf svo mikla afþreyingu.

Talið barst að því hver sérstaða Hríseyjar sé og hvernig megi nýta hana í ímyndarsköpun fyrir eyjuna. Fólkí vafðist nokkuð tunga um tönn, en nýsköpun í kringum sjávar tengda menningu og mismunandi fisktegundir og veiðiskap var meðal þess sem nefnt er. Segja sögur úr samfélaginu. Þá var nokkuð talað um matarmenningu og minjagrip. Nóg væri af hvönn og rabbarbara í eyjunni sem hægt væri að nýta betur. Oft vantaði vörur til að selja ferðamönnum því þeir vilja kaupa. Einn viðmælandi nefnir dæmi þessu til stuðnings;

Hvert förum við til þess að kaupa eitthvað? [...] Þau sögðust vera búin að fara í Perluna, þetta væru fallegir hlutir en þeir væru ekki nógu júník og þetta væri ekki nógu sérstakt fyrir Hrísey. Þau vildu fá meira héðan. Það þarf að sýna fram á það, merkja það.

Í vetur voru listamenn uppi í gamla skóla og þau voru líka með ansi góðar hugmyndir. Þau vildu sýna fram á hvað það

er sem fólkíð hérna er að gera. Það er dýrmætast sem fólkíð er að gera hér, og fá svona smá „sneak peek“ inn í þeirra heim. En auðvitað þarf fólk að vera tilbúið til þess að gera þetta.

Handverksgalleríið er rekið af áhugafólki í sjálfboðavinnu og er í lágmarki. Margar góðar hugmyndir eru um að byggja það upp og gera betur.

Fram kom að fyrir covid heimsfaraldurinn hafi ferðamálafélag Hríseyjar verið búíð að skipuleggja móttöku ferðamanna úr skemmtiferðaskipi [Ocean Diamond] þar sem nokkrir aðilar í Hrísey ætluðu að bjóða heim [Meet the locals].

Við verðum að sjá það [sem er á staðnum] sem ríkidæmi, okkar sérstöðu. Hver er hún?

Það er svolítið erfitt að útskýra það. Þegar ég kom hérna í eyjuna var sérstaða eyjunnar fiskvinnsla [...] við erum að tala um kannski á 20 árum er það [fiskvinnsluþorpið] búíð að breytast í allt allt annað. Það er erfitt að tala um sérstöðu í dag. Hún er bara óskilgreind að mínu viti.

Aðspurt taldi fundarfólk að skemmtiskipafarþegar sem koma til Hríseyjar í litlum hópum séu síður en svo trúflandi fyrir samfélagið. Þau töldu að mörg skipanna bjóði farþegum uppá fræðslu í gegnum svokallað „Community „guideline“ þar sem kynnt er fyrir þeim hvað er í boði á staðnum og ráð gefin varðandi það að vera „góður gestur“ í litlum samfélögum eins og í Hrísey. Það sama gildi um hópa sem eru að koma á vegum ferðamálafélags Hríseyjar, t.d. í vitaferðir eða traktorsferðir.

Hvorutveggja séu skipulagðar ferðir með leiðsögn sem sé stýrt þannig að hvorki sé farið yfir mörk samfélags eða náttúru.

Talið barst að lúxusferðamennsku og í tengslum við það fyrirhugaða byggingu lúxushótels austanmegin Eyjafjarðar og þyrluferðapjónustu í Skíðadal vestanmegin fjarðarins.

Það væri alveg hægt að satsa á það, sem dýra góða þjónustu. Það er miklu betra en að fullt af ferðamönnum komi sem veit ekki hvað það er að gera nema það sé matað á því.

Flestir voru á því að það vantaði gistingu í eyjunni þó stutt sé í land og sú gisting sem fyrir er standi fyrir sínu. Viðmælendum hugnast þó ekki að byggt yrði stórt hótél í eyjunni og sumir töldu að jafnvel lítið hótél myndi ekki passa inn í umhverfið í Hrísey;

Ég mundi þá frekar sjá fyrir mér bara svona lítil hús, þá með einhverjum kjarna sko.

Það er svolítið eftirspurn eftir því. Jafnvel Hríseyingar sem eru fluttir í burtu.

Aðrir voru þó á því að lítið 20 herbergja hótél gæti vel hentað í Hrísey og þá í samhengi við að byggja upp eyjuna sem heilsuparadís, líkt og áður hefur verið nefnt. Þegar hafi verið sótt um styrk í Uppbyggingarsjóð Norðurlands eystra, sem ekki fékkst, en áætlað er að leita víðar fanga með fjármagn/styrki. Hugmyndin er að styðja við fjölbreytta heilsutengda starfsemi þar sem það að koma út í eyjuna sé sérstaða.

Grundvallaratrið því tengt sé að hægt sé að taka á móti hópum í gistingu, til dæmis félagasamtökum, starfsmannahópum eða öðrum klúbbum á ýmsum tímum ársins.

Það vantar alltaf gistinguna. Fólk kemur hingað, er eitthvað að sprella hérna og borðar kannski en þarf svo að fara í land til að gista annarsstaðar [...] auðvitað þyrftum við að ná þessum markaði líka, ekki bara fólki sem kemur hingað, borgar í ferjuna og labbar hér um en fer svo.

Rætt var um núverandi stöðu og framtíð ferðamennsku í Hrísey. Fáir byggja afkomu sína á ferðapjónustu í Hrísey í dag, en viðstaddir voru sammála því að möguleikar liggi í því að þróa ferðamálin áfram í þeim tilgangi að styrkja byggð og atvinnumöguleika í þorpinu.

Niðurstaðan er eiginlega að þessar pakkaferðir, þar sem hægt er að stýra ferðapjónustunni væru skynsamlegastar fyrir þorpið, uppá ágang. Þetta er ekki heilsársstarf fyrir marga núna en það væri auðvitað gott ef við gætum skapað einhver störf [til framtíðar]

Annar viðmælandi bendir á að ferðamennskan yfir sumartímann geri fyrirtækjum eins og veitingastaðnum, ferjunni og matvörubúðinni kleift að reka sig allt árið;

Það eru fyrirtæki hérna sem lifa á þessari ferðamennsku sem er hér yfir sumarið. Þessir staðir myndi bara ekki fúnkera allt árið ef það væri ekki þessi [mikla ferðamennska] yfir sumartímann.

Það þarf að skapa störf fyrir fólk sem er með menntun. Það var ein af ástæðunum fyrir því að þessi hugmynd með heilsutengda ferðapjónustu kom fram. Þá ertu komin með störf fyrir fólk með menntun [...] Konseptið er að þú getir átt heima hérna, unnið hérna og getur sparað svo mikinn tíma.

RANNSÓKNAMÍÐSTÖÐ FERÐAMÁLA OG HÁSKÓLINN Á HÓLUM

Fundarfólki lá mikið á hjarta varðandi það sem þau kölluðu „andlit eyjunnar“ sem er bryggjan og nærumhverfi hennar. Þau voru sammála um að þar sé óviðunnandi aðstaða þar sem oft ríki hálfgerð kaos á álagstímum og mikið er af fólki, bílum og varningi á höfninni. Langt sé síðan gert var deiliskipulag fyrir það svæði en enn sé ekki farið að framkvæma eftir því. Þetta snúist bæði um ásýnd og öryggismál.

Til dæmis sé aðkoman að galleríinu sem stendur niðri á bryggjunni afar slæm sem að mati fundarmanna kemur í veg fyrir að ferðafólk stoppi þar. Á sumum dögum er svo mikið af bílum, ryki og skít á bryggjunni að illmögulegt hefur reynst að halda galleríinu opnu.

Auðvitað þurfi íbúar stundum að komast alveg að ferjunni ef verið er að flytja þungan varning, þá séu vöruflutningar og fiskflutningar í tengslum við atvinnustarfsemi í eyjunni. Þetta fari ekki saman með gangandi fólki og farangri. Það geti skapast öngþveiti og hættan á slysum aukist. Svæðið sé auk þess ekki nema að hluta til steipt/malbikað og það vaðist upp í drullu þegar blautt er. Þarna þurfi að tryggja viðunnandi aðstöðu fyrir vöruflutninga, en um leið að tryggja öryggi fólks og gera aðkomuna snyrtilegri og í stand búna til þess að taka á móti ferðafólki.

Sama máli gegni um aðstöðuna á Árskógssandi, þar sem ferjan leggst að á meginlandinu, sem er engin. Þar keyra bílar og leggja þar sem þeim sýnist og engin aðstaða sé fyrir fólk til að setjast niður eða komast í skjól fyrir veðri. Bryggjan þar hafi verið byggð 1979 fyrir ferju sem þá var og henti engan veginn núverandi ferju eða nútíma kröfum um ferjulægi. Bæjarfélagið/Akureyrarbær segir þetta hluta af þjóðvegnum sem Vegagerðin eigi að sjá um, en Vegagerðin segir þetta vera höfn sem sveitarfélagið/bæjarfélagið eigi að sjá um. Hver bendi á hinn og á meðan sé ekkert gert og íbúar og gestir líði fyrir það.

Mynd 11 Séð niður að höfn í Hrísey þar sem ferjan liggur. Mynd ÁMS



Mynd 12 Bryggjan á Árskógssandi. Mynd LH



Mynd 13 Farþegar ganga frá borði í Hrísey. Vöruaferming. Mynd SKJ



Mynd 14 Gallerí Perla á hafnarsvæðinu í Hrísey. Mynd SKJ



NIÐURSTÖÐUR ÍBÚAKÖNNUNAR


Ákveðið var að leggja fyrir íbúakönnun í Grímsey og Hrísey, m.a. í þeim tilgangi að ná til breiðari hóps íbúa en þeirra sem tóku þátt í rýnihópaviðtölunum. Könnunin var framkvæmd þannig að rannsakendur gengu í hús í eyjunum. Þannig má segja að könnunin gefi mynd af þeim sem dvöldu í skráðu húsnaði í eyjunum á þeim tíma sem könnunin fór fram. Úrtakið samanstóð af tveim hópum, annarsvegar lögheimilisskráðum einstaklingum yfir 18 ára búsettum í eygni og/eða hafa þar viðkomu, hins vegar einstaklingum með reglulega búsetu án lögheimilisskráningar, sem og einstaklingum með sterk tengsl og reglulega viðkomu í eyjunum. Alls fengust 58 svör í Hrísey og 46 svör í Grímsey.

LÖGHEIMILI OG BÚSETA


Af þeim 46 manns sem svöruðu íbúakönnun í Grímsey var 31 eða 68% sem átti lögheimili í eyjunni, 8 manns eða 17% áttu þar hús en voru með lögheimili annars staðar og 7 manns eða 15% merktu við „annað“. Annað gat verið að viðkomandi hafði verið þar uppallinn, væri ættaður úr eyjunni eða að fjölskyldan ætti húsið.

Af þeim 58 manns sem svöruðu íbúakönnuninni í Hrísey voru 39 eða 78% með lögheimili í eyjunni, 15 eða 26% svarenda eiga þar hús en eru með lögheimili annarsstaðar og 4 eða 7% merktu við „annað“ og má sjá skýringar á því á mynd 10.

Mynd 15 Lögheimili í Grímsey




Mynd 16 Lögheimili í Hrísey




Þegar svarendur voru inntir eftir búsetu í Grímsey yfir árið, svöruðu 21 eða 46% að þeir byggju þar allt árið, 15 eða 33% búa þar hluta úr ári og 10 eða 22% svöruðu „annað“ sem samanstóð að jafnaði af fólki sem býr annars staðar en heimsækir Grímsey reglulega. Í einu tilfalli þar sem merkt var við að viðkomandi byggji í Grímsey allt árið kom einnig fram að dvalið væri með barni á Akureyri á skólatíma.

Mynd 17 Búseta í Grímsey á ársgrundvelli



Af þeim sem svöruðu íbúakönnuninni í Hrísey sögðust 39 eða 67% búa þar allt árið, 15 eða 26% svarenda búa þar hluta úr ári og 4 eða 7% búa annarsstaðar en heimsækja eyjuna reglulega.


Mynd 18 Búseta í Hrísey á ársgrundvelli



TEKJUR AF FERÐAÞJÓNUSTU

Athygli vekur að mun færri hafa tekjur af ferðaþjónustu í Hrísey miðað

Mynd 19 Tekjur af ferðaþjónustu. Hrísey og Grímsey




við Grímsey. Í Hrísey segjast 24% þeirra sem svöruðu að einhver á heimilinu hefði tekjur af ferðaþjónustu en 52% í Grímsey. Þarna munar rúmum helmingi í prósentum talið. Hafa ber í huga líkt og fram kemur fyrr í skýrslunni að stærri prósentu svarenda í Hrísey hefur þar lögheimili miðað við svarendur í Grímsey og sama gildir um búsetu allt árið um kring.

MIKILVÆGI FERÐAÞJÓNUSTU OG ÁHRIF Á LÍFSGÆÐI

Mikill meirihluti íbúa í Grímsey telja ferðamennsku og ferðaþjónustu mikilvæga fyrir samfélagið í eyjunni þar sem 76% merktu við 9 eða 10 á skalanum 0-10. Í Hrísey dreifist viðhorfið meira þar sem fleiri merkja við


Mynd 20 Mikilvægi ferðaþjónustu fyrir samfélög eyjanna



valkostina 6-8 á skalanum 0-10, en 66% svarenda telja þó ferðamennskuna mikilvæga og merkja við 9 og 10 á skalanum.

Íbúar í Hrísey eru mun hlutlausari gagnvart ferðamönnum og ferðamennsku í eyjunni en Grímseyingar (mynd 15), þar sem 83 % íbúa telja að ferðamenn bæti eigin lífsgæði. Í Hrísey eru það 53% sem telja að

Mynd 21 Áhrif ferðamanna á lífsgæði íbúa




ferðamenn og ferðaþjónusta bæti eigin lífsgæði og 47 % eða nærri helmingur svarenda segja hana hvorki bæta eða draga úr eigin lífsgæðum.

ÁBYRG FERÐAMENNSKA OG SJÁLFBÆR ÞRÓUN

Íbúar voru inntir eftir því hvort þeir telji að ferðamennska í eyjunum hafi þróast á ábyrgan hátt, í sátt við samfélagið og umhverfi eyjanna. Mikill

Mynd 22 Ábyrg þróun ferðamennsku í Hrísey og Grímsey




meirihluti svarenda telja ferðamennsku hafa þróast á ábyrgan hátt í sátt við umhverfi og samfélag (mynd 16). Stærri hluti Hríseyinga eru hlutlausir eða 17% á móti 9% Grímseyinga og svipað hlutfall í báðum eyjunum eru mjög ósammála eða sammála þessari fullyrðingu eða 5% í Hrísey og 7% í Grímsey.

Þegar spurt var hvort ferðþjónustan í eyjunum þurfi að leggja meiri áherslu á sjálfbærni í sinni þróun, var svipað hlutfall í báðum eyjunum sem taldi þörf á aukinni áherslu í átt að sjálfbærri þróun. Mun fleiri voru þó mjög sammála þeirri fullyrðingu að ferðþjónustunni bæri að leggja

meiri áherslu á sjálfbærni í Hrísey en Grímsey (sjá mynd 17), en hlutföllin snérust við þar sem mun fleiri Grímseyingar merktu við að þeir væru sammála en Hríseyingar. Örfáir í báðum eyjunum voru þessu ósammála eða svöruðu ekki spurningunni. Með spurningunni var útskýring að með „sjálfbærni“ væri hér átt við að getu til að varðveita náttúru, umhverfi, menningararf og samfélag.


Mynd 23 Áhersla á sjálfbæra þróun




MARKAÐSSETNING OG MARKHÓPAR

Þátttakendur voru spurðir að því hvort halda ætti áfram að markaðsetja eyjarnar til að laða að fleiri ferðamenn, hvort þeir vildu fleiri innlenda eða erlenda ferðamenn og hvort það ætti að draga úr komum hópferðamanna, þar með talið skemmtiskipafarþega, til eyjanna. Eins og sést á myndum 18 og 19 telur mikill meirihluti svarenda í báðum eyjunum að halda eigi áfram að markaðssetja þær og fjölga ferðafólki.

Mynd 24 Viðhorf Grímseyinga til markaðssetningar og markhópa



Mynd 25 Viðhorf Hríseyinga til markaðssetningar og markhópa





Heldur fleiri Grímseyingar en Hríseyingar vilja fjölga innlendu ferðafólki miðað við erlent, sem styður það sem áður hefur komið fram (rannsókn 2022) að Grímseyingar telji innlenda markaðinn vannýttan. Hjá svarendum í Hrísey er þetta nokkuð jafnt. Þegar kemur að því að taka afstöðu gagnvart þeirri fullyrðingu að draga beri úr komum hópferðamanna þar sem meðal annars er átt við skemmtiskipafarþega, þá eru 65% Grímseyinga því mótfallnir og 50% Hríseyinga. Upp undir fjórðungur á báðum stöðum er hlutlaus gagnvart fullyrðingunni.

INNVIÐIR OG UMGENGNI

Á mynd 20 má sjá viðhorf íbúa í Grímsey og Hrísey til umgengni ferðamanna og

Mynd 26 Viðhorf til innviða og umgengni ferðamanna. Grímsey og Hrísey



ástands innviða með tilliti til þess hvort þeir séu í standi til þess að taka á móti þeim ferðamönnum sem koma. Eins og sést á myndinni telja

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA OG HÁSKÓLINN Á HÓLUM

svarendur ferðamenn yfirhöfuð ganga vel um og hafa jákvæð áhrif á samfélagið. Heldur minna hlutfall Hríseyinga telur þó að ferðamenn gangi vel um eða 67% á móti 74% Grímseyinga. Fleiri Hríseyingar eru líka ósammála eða mjög ósammála því að ferðamenn gangi vel um. Þegar spurt er hvort ferðamenn hafi jákvæð áhrif á nærsamfélagið eru svarendur í Grímsey mjög sammála um að ferðamenn hafi góð áhrif (94%). Í Hrísey dreifast svörin meira, en 75% Hríseyinga eru þó sammála því að ferðamenn hafi góð áhrif (fleiri eða 50% merkja hér við „sammála“ á meðan að í Grímsey merkja 94% við „mjög sammála“).

Þegar kemur að ástandi innviða og getu þeirra til þess að taka á móti þeim ferðamönnum sem koma breytast hlutföllin töluvert, bæði í Grímsey og Hrísey. Í Grímsey eru um 60% svarenda ósammála því að innviðir séu í standi til þess að taka á móti þeim ferðamönnum sem koma og 23 % eru hlutlausir. Fáir í Grímsey eða 9% svarenda telja innviði í stakk búna að taka á móti þeim ferðamönnum sem koma. Í Hrísey dreifast svörin meira þar sem 43% telja innviði ekki í standi til þess að taka á móti þeim ferðamönnum sem koma, en svipað hlutfall eða 40% eru á því að innviðir geti vel tekið á móti þeim ferðamönnum sem koma, 13% svarenda í Hrísey taka ekki afstöðu.

ANNAÐ

Síðasta spurningin í íbúakönnuninni var opin og þar gátu svarendur komið inn á þau málefni sem þeim lá á hjarta og ekki hafði þegar verið spurt að.

Algengt álit svarenda í Grímsey var að bæta þurfi merkingar, gönguleiðir og akvegi. Til dæmis þurfi að bæta aðgengi út á Fót þar sem heimskautsbaugurinn liggur þvert á eyjuna og er mikið aðdráttarafli fyrir ferðamenn. Þó nokkrir voru samt þeirrar skoðunar að takmarka þyrfti eða banna akandi umferð um slóða sem liggur hringinn um eyjuna. Afmarka ætti við hlið norðan við flugvöllinn að norðan og við vitann sunnan til. Þá bentu nokkrir á að stýra þurfi umferð ferðafólks betur á hafnasvæðinu til að draga úr slyshættu, því vinnuvélar í löndun og uppskipun fara illa saman með gangandi og fróðleiksfúsu ferðafólki.

Margir töldu að bæta þyrfti við salernum á áningastaði gönguleiða í eyinni, t.d. með færanlegum salernum yfir sumartímann. Einhverjir voru einnig á því að stýra þurfi umferð ferðafólks betur með tilliti til öryggis og álags á göngustíga. Betri upplýsingar um gönguleiðir og merkingar gætu komið til móts við það. Nokkrir nefndu að það bæri að aðgangsstýra fjölda ferðamanna í eyjunni á hverjum tíma, en aðrir töldu þó að „eyjan takmarkaði sig sjálf“ eins og það var orðað, þ.e. að staðsetning eyjunnar og núverandi samgöngur til hennar takmarkaði þann fjölda sem gæti komist til Grímseyjar hverju sinni. Leggja ætti áherslu á að laða að ferðamenn sem dvelja lengur en nokkra klukkutíma í eyjunni og styðja við gistiþjónustu.

Nokkrir töldu að fjöldi skemmtiferðaskipa sem koma til Grímseyjar á sumrin séu við efri mörk og að stýra þurfi þeirri ferðamennsku til eyjarinnar mun betur til þess að „virða og vernda þolmörk náttúru og heimamanna“. Nokkrir nefna það líka að þeir vilji sjá skemmtiskipin og farþega þeirra skilja meira eftir í eyjunni. Taka mætti gjald fyrir þá

farþega sem kæmu í land, en tryggja þurfi að þeir fjármunir fari í að byggja upp innviði í eyjunni.

Þá kom fram sú hugmynd að endurbyggja torfbæ í Grímsey sem einnig gæti gegnt hlutverki gestastofu sem þjónustaði ferðafólk, gegndi hlutverki upplýsingamiðstöðvar og gæti um leið haldið utan um byggðasögu og menningararfleið Grímseyjar.

Algengt álit heimafólks í Hrísey er að bæta þurfi merkingar og skilti, sem og upplagt væri að auka við fróðleik um náttúru eyjunnar. Þó nokkrir nefna það að bæta þurfi við almenningssalernum og merkja þau betur.

Margir eru þeirrar skoðunar að auka þurfi opnunartíma staða í verslun og þjónustu. Sérstaklega ætti það við yfir vetrartímann en einnig á vorin og haustin. Þetta eigi ekki síst við um matvöruverslun og að auka þurfi úrval veitinga sem í boði eru. Nefnt var að aukning í komum ferðamanna gæti einmitt orðið til þess að auka veitingaþjónustu í eyjunni. Vöntun á hóteli fyrir ferðamenn var nefnt og að íbúar sjálfir þurfi að hafa frumkvæði af því að bjóða upp á afþreyingu á staðnum. Þá kom fram að skemmtiskipafarþegar sem til Hríseyjar kæmu skildu ekkert eftir sig og að ekki væri æskilegt að skipin stoppuðu úti fyrir eyjunni.

Nokkrir töluðu um að halda þurfi í sérkenni Hríseyjar og stýra ferðamannastraumi þangað. Eyjan og samfélagið þoli ekki mikinn fjölda gesta. Leggja beri áherslu á þau notalegheit og þá orku sem til staðar er í Hrísey. Taka þurfi fá en örugg skref í þróun ferðamennsku í Hrísey.

Mynd 27 Skúta við flotbryggju í Hrísey. Mynd SKJ




NIÐURSTÖÐUR SPURNINGAKÖNNUNAR

Í þessum kafla verða kynntar niðurstöður spurningakönnunar meðal ferðamanna. Alls söfnuðust 244 svör við könnuninni í Hrísey og 410 svör í Grímsey.


BAKGRUNNUR FERÐAMANNA: BÚSETA OG ALDUR

Svarendur könnunarinnar í Hrísey komu frá 18 löndum og 34 löndum í Grímsey. Í báðum eyjunum eru fjórir stærstu hópar gesta frá sömu löndunum; Íslandi, Bandaríkjunum, Bretlandi og Þýskalandi. Fimmti stærsti gestahópurinn í Grímsey er svo frá Frakklandi (mynd 28) en frá Sviss í Hrísey (mynd 29). Hlutföllin innbyrðis eru þó mismunandi á milli eyjanna, þar sem langstærsti gestahópurinn í Grímsey kemur frá Bandaríkjunum, en í Hrísey eru það Íslendingar. Hérna er líklegt að fjöldi skemmtiferðaskipa til Grímseyjar og ólík fjarlægð milli lands og eyjar skipti máli.

Mynd 28 Búseta svarenda í Grímsey




Mynd 29 Búseta svarenda í Hrísey



Ferðamenn sem sækja Grímsey heim eru nokkuð eldri en þeir sem heimsækja Hrísey (mynd 30), þar sem 60 ára og eldri eru 46% í Grímsey og 29% í Hrísey. Stærsti aldurshópur gesta í Hrísey 30-44 ára.


Mynd 30 Aldursdreifing gesta í Grímsey og Hrísey



FERÐAMÁTI, FERÐAFÉLAGAR OG DVALARLENGD

Langflestir voru að koma til Grímseyjar í fyrsta sinn eða 89% svarenda. Hjá svarendum í Hrísey skiptist þetta nokkuð jafnt þar sem 55% svarenda voru að koma til Hríseyjar í fyrsta sinn en 43% höfðu komið þar áður. Þar af voru margir innlendir ferðamenn líkt og sjá má á mynd 26. Alls 67% af

Mynd 31 Fyrsta heimsókn til Grímseyjar og Hríseyjar




innlendum svarendum könnunarinnar voru endurkomu gestir í Hrísey og 33% innlendra gesta í Grímsey (mynd 31).


Langflestir koma með ferju til Hríseyjar eða 77% (mynd 32). Heildarhlutfall skemmtiferðaskipafarþega þar er 22%. Í Grímsey eru tæp 47% allra svarenda skipafarþegar (mynd 33). Þar af koma 41% beint úr skipum útifyrir eyjunni en 6% koma með flugi frá Akureyri þar sem skipið

er í höfn. Um 44% tóku ferjuna Sæfara út til Grímseyjar. Þegar rýnt er í bakgrunnstölur sést þó að 93% innlendra ferðamanna taka ferjuna, á móti 7% sem taka flugið. Um 11% erlendra ferðamenn taka flug til eyjunnar en þar af eru 6% skipafarþegar frá Akureyri.

Mynd 32 Ferðamáti gesta til Hríseyjar sumarið 2023



Mynd 33 Ferðamáti gesta til Grímseyjar




Nokkuð var um skútukomur í Grímsey sumarið 2023 og því var komum á eigin skútu eða seglbáti bætt við sem ferðamáta við úrvinnslu gagna. Aðrir ferðamátar til Hríseyjar voru m.a skilgreindir sem fallhlífarstökk og á kajak.

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA OG HÁSKÓLINN Á HÓLUM


Nokkra athygli vakti að yfir 70% bæði innlendra (N72) og erlendra (N71) ferðamanna sem tóku ferjuna Sæfara til Grímseyjar gáfu ferðinni einkunnina 8 eða meira á skalanum 1 til 10 (mynd 34). Um 13% hafa slæma reynslu og 13% mjög slæma reynslu (5 eða lægra á skalanum).

Mynd 34 Upplifun af ferjusiglingu til Grímseyjar



Ástæðan sem svarendur gáfu fyrir lágri einkunn var vegna eigin sjóveiki eða annarra farþega meðan á ferðinni stóð.


Mynd 35 Upplifun af ferjusiglingu til Hríseyjar



Yfir 90% allra svarenda gáfu ferjusiglingu til Hríseyjar einkunnina 8 eða meira á skalanum 1 til 10 líkt og sést á mynd 35.

Flestir voru að ferðast með maka bæði í Hrísey og Grímsey (mynd 36). Næstflestir ferðast með vinum, en barnafjölskyldur eru mun algengari í Hrísey og skipulagðar hópferðir algengari í Grímsey. Við úrvinnslu gagna

Mynd 36 Ferðafélagar




var ákveðið að bæta við flokknum „aðrir fjölskyldumeðlimir“ sem ekki var í könnuninni í Grímsey 2022. Innan þess flokks skilgreindu svarendur börn yfir 18 ára aldri, foreldra, ömmur og afa og venslafólk. Í flokknum

„aðrir“ voru m.a. tilgreindir fallhlífastökksfélagar, fólk í leiðsögn, fylgdaraðilar fólks með fötlun, fuglarannsóknarhópur, gönguhópur, o.fl.


Á mynd 37 sést dvalarlengd gesta í Grímsey og Hrísey. Flestir eru að dvelja í eyjunum í 3-6 klukkustundir, en innlendir gestir í Grímsey skera sig úr þar sem 67% eru að dvelja í sólarhring eða lengur í eyjunni. Í Hrísey eru það einnig innlendu gestirnir sem dvelja lengst í eyjunni, þar sem 34% svarenda dvöldu í 24 klst eða lengur.

Mynd 37 Dvalarlengd gesta




Aðspurðir sögðust flestir ferðamenn í Grímsey hafa aflað sér upplýsinga um eyjuna af almennum leitarvélum, meðan ferðamenn í Hrísey fengu upplýsingar í gegnum fjölskyldu, vini eða vinnufélaga (myndir 38 og 39).

Mynd 38 Upplýsingaveita ferðamanna - Grímsey



Mynd 39 Upplýsingaveita ferðamanna - Hrísey




Líkt og fram hefur komið eru innlendir ferðamenn mun stærra hlutfall svarenda í Hrísey (53%) en í Grímsey (14%) sem gæti skýrt þennan mun. Hafa ber í huga við túlkun þessara niðurstaðna að svarmöguleikarnir „Um borð í skemmtiferðaskipi“ og „Enginn af þessum valmöguleikum“ voru einungis í boði í enskri útgáfu könnunarinnar og það myndar ákveðna skekkju í niðurstöðunum. Meginlínur eru þó líkt og sjá má á myndum 38 og 39.

HVATI FERÐAR


Ferðamenn voru spurðir hver væri aðalhvati heimsóknarinnar til Grímseyjar og Hríseyjar. Á myndum 40 og 41 má sjá niðurstöður svara fyrir Grímsey.

Hjá bæði innlendu og erlendu ferðafólki var það fuglalífið og náttúran sem laðar mest að Grímsey. Þá skoraði svarkosturinn „afskekktur áfangastaður“ nokkuð hátt hjá báðum hópum, eða 40% hjá innlendum og 22 % hjá erlendum ferðamönnum. Líkt og við mátti búast merkti hátt hlutfall skemmtiskipafarþega við svarkostinn „Viðkomustaður hópferðar/skemmtiskips“, eða 43%. Margir innlendra ferðamanna merkja einnig við þann kost eða 31%, sem bendir til þess að hópferðir til Grímseyjar séu vinsælar. Svarkosturinn „Nálægð við heimskautasvæði“ var einungis í enska hluta spurningarinnar og merktu 43% enskumælandi svarenda við þann kost. Hjá íslenskumælandi svarendum eru það 33% sem telja þá staðreynd að Grímsey sé eyja hafi verið hvati til ferðarinnar. Annað sem íslenskir svarendur tilgreina sem hvata er minnismarkið um Fiske eftir listamanninn Gunnar Árnason, orkan í eyjunni, lundaveiðar og dugnaðurinn í heimamönnum. Ensku mælandi svarendur nefna köfun,

Mynd 40 Aðal hvati - Grímsey, erlendir gestir



Mynd 41 Aðalhvati - Grímsey, innlendir gestir



‘geochatching’, sólstöður, ljósmyndun, vindinn, að líða þar eins og heima hjá sér, alltaf ætlað að koma þangað og fjölskyldusaga.

Í Hrísey er það náttúran sem dregur flest ferðafólk að eyjunni, bæði innlent og erlent (sjá myndir 42 og 43). Hjá bæði innlendum og erlendum ferðamönnum er heimsókn til eyju hvati til ferðarinnar í um 30% tilvika. Einnig telja um 20% innlendra og erlendra ferðamanna að aðalaðdráttarafi Hríseyjar sé hve áfangastaðurinn er afskekktur.


Hjá 37% erlendra gesta er Hrísey viðkomustaður skemmtiferðaskips eða hópferðar og þar skorar fuglalíf eyjunnar einnig nokkuð hátt, eða 30%.

Fuglalífið er mun neðar á lista innlendra ferðamanna en erlendra, en hins vegar eru 19% íslenskumælandi svarenda að heimsækja ættingja og vini í eyjunni. Það eru einnig 8% enskumælandi svarenda.


Hjá innlendu ferðafólki velja næstflestir eða 38% svarenda „annað“ sem valkost fyrir aðalhvata ferðar til Hríseyjar. Innan þessa skilgreindu gestir m.a. Hríseyjarhátíð, Hinsegin daga, að eiga hús í Hrísey, sundlaugina, forvitni/bara skoða og kyrrð og kósý. Einn af svarendum segir „ég elska bara Hrísey, kem á hverju sumri“. Annar skrifar „höfum komið hér í 5 ár í röð, dásamlegur staður, friðsælt og gott fólk“.

Enskumælandi svarendur könnunarinnar sem merktu við „annað“ nefndu Hríseyjarhátíð, Hinsegin daga, gott aðgengi, gönguferð og hvalaskoðun.

Mynd 42 Aðalhvati - Hrísey, erlendir gestir



Mynd 43 Aðalhvati - Hrísey, innlendir gestir



GREITT FYRIR SKIPULAGÐA FERÐ

Rétt um 30% svarenda í Grímsey tóku þátt í skipulagðri ferð meðan á dvöl þeirra í eyjunni stóð en einungis 16% í Hrísey (tafla 1).

Tafla 1 Greiðsla á skipulagðri ferð eða afþreyingu

	Já	Nei	Svöruðu ekki
Grímsey	29%	69%	2%
Hrísey	16%	83%	1%

Af þessum 30% sem greiddu fyrir skipulagða ferð í Grímsey voru nær allir eða 95% erlendir ferðamenn og af þeim 74% skemmtiskipafarþegar (tafla 2). Í Hrísey voru líka langflestir sem greiddu fyrir skipulagða ferð eða afþreyingu erlendir ferðamenn. Mjög margir innlendir ferðamenn kusu að svara ekki þessari spurningu.


Tafla 2 Hverjir skipuleggja ferðirnar

	Ferðaskipul. í eyjunni	Íslenskur ferðaskipul. utan eyjunnar	Erlendur ferðaskipul. eða hluti af dagskrá skemmtif. skips	Annað	Fjöldi sem svara spurningu
	%	%	%	%	N
Grímsey					
Erlendir	13%	13%	74%	0%	117
Innlendir	40%	60%	0%	0%	5
Hrísey					
Erlendir	3%	9%	86%	2%	35
Innlendir	12%	12%	0%	76%	17

UPPLIFUN OG ÁNÆGJA


Ferðamenn voru spurðir að því hvað þeir hefðu upplifað í heimsóknum sínum til eyjanna tveggja. Í báðum tilfellum merktu langflestir við gönguferðir án leiðsagnar, eða 81% í Grímsey og 73% í Hrísey. Þar á eftir eru það fuglaskoðun (81%) og gjafavöruverslun (53%) í Grímsey (mynd 46), en staðbundinn matur (44%) og gjafavöruverslun (34%) í Hrísey (mynd 44). Töluvert fleiri innlendir en erlendir ferðamenn höfðu smakkað staðbundinn mat í heimsókn sinni til Grímseyjar. Erlendir ferðamenn versla meira í gjafavöruversluninni þar en innlendir fara meira í sund. Ef marka má niðurstöður þessarar könnunar virðist

Mynd 44 Upplifun í Grímsey



sundlaugin í Hrísey vera betur nýtt en sundlaugin í Grímsey, en taka þarf til greina að sundlaugin og íþróttamiðstöðin í Hrísey er mun meira opin en sundlaugin í Grímsey sem aðeins er með opið í rúman klukkutíma á virkum dögum og lokað um helgar (Akureyrarbær, e.d.). Sjósund var nefnt undir „annað“ í Grímsey en ekki nefnt í Hrísey. Ekki er þó hægt að útiloka að það eigi við í einhverjum tilvikum þegar merkt var við „sund/swimming“.

Mynd 45 Upplifun í Hrísey



Afgerandi munur er á innlendu og erlendu ferðafólki þegar kemur að fulgaskoðun í Hrísey þar sem 52% erlendra ferðamanna hafa farið í fuglaskoðun í eyjunni en einungis 14% innlendra.

Af öðru sem ferðafólk nefndi sem það hefði prófað eða upplifað í eyjunum má sjá á mynd 45. Það sem oftast var nefnt er efst á listanum og svo koll af kolli.

Tafla 3 Annað sem ferðafólk gerði í eyjunum

Grímsey	Hrísey
Annað sem ferðafólk gerði og upplifði í eyjunum	
Heimskautsbaugur/Kúlan	Krá
Lestin	Leikvöllur
Ljósmyndun	Kirkjan
Kirkjan	Hríseyjarbúðin
Hjólreiðar	Hjóla
Veiðar/lundaveiði	Frisbíggolf

Ýmsir fleiri stakir þættir voru nefndir fyrir utan þá sem oftast voru tilgreindir og koma fram á töflu 3. Í Grímsey var t.d. nefnt til sögunnar tónleikar á Kríunni, bátsferð í kringum eyjuna, vinna, hestar og sauðfé. Í Hrísey var m.a. nefnt vinna, hvalaskoðun úr heitum potti, róður í kringum eyjuna og matreiðsla „í skýlinu“.

Þátttakendur voru spurðir að því hvort heimsóknin til Hríseyjar og Grímseyjar hefði uppfyllt væntingar þeirra fyrir ferðina. Langflestir sögðu svo vera eða 98% í Grímsey og 88% í Hrísey. Rétt er að taka fram að í Hrísey voru um 11% sem ekki svöruðu þessari spurningu en í Grímsey undir eitt %. Svarendur voru beðnir um að nefna ástæður þess að heimsóknin uppfyllti ekki væntingar og má sjá svörin á töflu 4. Eins og

sést á svörunum höfðu sumir þörf fyrir að tilgreina að heimsóknin hefði farið yfir væntingar.


Tafla 4 Af hverju uppfyllti heimsóknin ekki væntingar?

Grímsey	Hrísey
Af hverju uppfyllti heimsóknin ekki væntingar?	
Purfti meiri tíma	Betra en ég átti von á 😊
Hafði ekki neinar sérstakar væntingar fyrir, það var mjög ánægjulegt	Minna og sætara en ég átti von á 😊
Hafði meiri væntingar um innviði og staði til að heimsækja í eyjunni	Vantaði meiri sól
Vantaði farartæki fyrir fólk með fatlanir eða hreyfihömlun Kalt, vissi ekkert um staðinn og hef ekki áhuga á náttúru	Ekkert heitt vatn daginn sem við fórum í sundlaugina

Í heildina voru svarendur líklegir til að koma aftur bæði til Hríseyjar (81%) og Grímseyjar (52%). Svörin dreifast þó heldur meira hjá svarendum í Grímsey (mynd 50). Mun fleiri sögðu að ólíklegt eða mjög ólíklegt væri að þeir kæmu aftur til Grímseyjar (30%) en Hríseyjar (7%). Þar skiptir fjöldi skemmtiskipafarþega í hópi svarenda í Grímsey máli og hugsanlega að einhverju leiti mismunandi aðgengi að eyjunum. Séu svör innlendra og erlendra ferðamanna skoðuð hver fyrir sig, sést að rúmlega 90%

innlendra ferðamanna segjast líklegir til að koma aftur til Hríseyjar og 78% í Grímsey. Í Hrísey segjast 67% enskumælandi svarenda vera mjög líklegir eða líklegir til að koma aftur og í Grímsey eru 48% enskumælandi líklegir eða mjög líklegir til þess að koma aftur.


Mynd 46 Líkur á endurkomu.



ÁBYRG FERÐAMENNSKA OG FERÐAÞJÓNUSTA


Líkt og sést á mynd 47 og 48 telja flestir sig skilja hugtakið „ábyrg ferðamennska“ þó ferðafólk í Grímsey virðist vissari í sinni sök. Langflestir svarenda eru sammála um mikilvægi þess að ferðast á ábyrgan hátt, ganga um náttúruna af virðingu þegar ferðast er og leggja sitt af mörkum til þess samfélags sem þeir heimsækja.

Mynd 47 Viðhorf ferðamanna til ábyrgrar ferðamennsku. Grímsey



Þegar kemur að því að leggja mat á hvort ferðþjónustan í eyjunum sé ábyrg, telja 81% svarenda í Grímsey að svo sé og 68% í Hrísey. Mun fleiri eru þó hlutlausir í þessum lið miðað við aðra liði spurningarinnar, segjast ekki vita það eða svara ekki. Sé rýnt í svör innlendra og erlendra ferðamanna sitt í hvoru lagi virðast íslenskir ferðamenn vera heldur óöruggari um skilning sinn á hugtakinu „ábyrg ferðamennska“. Varðandi

Mynd 48 Viðhorf ferðamanna til ábyrgrar ferðamennsku. Hrísey



aðra þætti spurningarinnar er mikill samhljómur í svörum innlendra og erlendra þátttakenda.

INNVIÐIR, UPPLÝSINGAR OG VIÐMÓT



Þátttakendur voru spurðir út í viðhorf til ýmissa þátta í aðstöðu og þjónustu í eyjunum sem meðal annars tengist ábyrgri ferðþjónustu.

Niðurstöður svara má sjá á mynd 49 fyrir Grímsey og mynd 50 fyrir Hrísey. Í Grímsey eru ferðamenn ánægðastir með almennt hreinlæti, mannfjölda og vingjarnleika heimamanna. Í Hrísey er það almennt hreinlæti, persónulegt öryggi, ásamt vingjarnleika heimamanna sem

skora hæðst. Lítið er um óánægju með þessa þætti, bæði í Grímsey og Hrísey. En aðgengi að vörum framleiddum á staðnum, almenningssalernum, drykkjarvatni og rusla- og endurvinnslulátum virðist helst skorta.

Mynd 49 Viðhorf ferðamanna til innviða - Grímsey

Mynd 50 Viðhorf ferðamanna til innviða - Hrísey



NIÐURSTÖÐUR GPS-RAKNINGA


GRÍMSEY

GPS mælingar í Grímsey fóru fram frá byrjun júl til byrjun ágúst. Á þeim tíma voru 107 leiðir ferðamanna mældar. Flestum mælingum var safnað meðal farþega skemmtiferðaskipa sem heimsóttu eyjuna, eða um 70% allra mælinga. Því næst frá ferðamönnum sem ferðuðust til Grímseyjar með ferjunni Sæfara, eða 30%. Ferðamenn sem komu með flugi og tóku þátt í þessum hluta rannsóknarinnar voru aðeins þrír. Um 60% þeirra sem gengu með GPS mælitæki héldu sig eingöngu á vesturhluta eyjarinnar á meðan á dvöl þeirra stóð, þ.e. fóru ekki lengra en upp að Stekkjarvík og niður að vita (mynd 51, græna leiðin). Um 30% ferðamanna fóru um norðurhluta eyjarinnar, upp að eða í nálægð við listaverkið Hringur og kúla (mynd 51, rauða leiðin) og aðeins um 10% ferðamanna gengu um austurhluta eyjarinnar (mynd 51, gula leiðin). Þessar niðurstöður ríma við niðurstöður GPS mælinga sumarið 2022 (Ása Marta Sveinsdóttir og Laufey Haraldsdóttir, 2023). Niðurstöður þeirra mælinga sýndu að langflestir ferðamanna héldu sig við vesturhluta eyjarinnar eingöngu, sérstaklega við höfnina og gengu upp að Stekkjarvík og til baka.

Gögnin sýna að fólksútfærsla um norður og austurhluta eyjarinnar, eða um það svæði sem hefur verið tilgreint á C-hluta Náttúruminjaskrár, er mun minni en um vesturhluta eyjarinnar. Flestir ganga frá hafnarsvæðinu og áleiðis norður að Stekkjarvík og til baka. Akureyrarbær fékk nýverið styrk frá Framkvæmdasjóði ferðamanna til þess að byggja göngustíg frá þorpinu að afleggjaranum að flugstöðinni. Þetta mun auka

öryggi vegfarenda á svæðinu mikið því líkt og GPS gögnin sýna er þessi akvegur fjölsóttasta gönguleið ferðamanna um Grímsey.

Mynd 51 Dæmi um ferðir gesta um Grímsey. Hver mæling hófst og endaði við hafnarsvæðið.




HRÍSEY

GPS mælingar í Hrísey fóru fram frá um miðjan júní til lok júlí. Á þeim tíma voru gerðar 70 mælingar. Flestum mælingum var safnað af ferðamönnum sem komu til Hríseyjar með ferjunni eða um 70%. Um 30% mælinga var safnað meðal farþega skemmtiferðaskipa. Af þeim ferðamönnum sem komu til Hríseyjar með ferju og tóku þátt í GPS hluta rannsóknarinnar voru flestir sem héldu sig við þorpið eingöngu og fóru ekki lengra á meðan á dvöl þeirra stóð í eygni. Aðrir fóru upp að vita eða gengu um merktar gönguleiðir; Rauða hringinn, Græna hringinn eða Gula hringinn (mynd 52). Einnig var hópur af fuglaljósmyndurum sem gekk upp að fuglaskoðunarhúsinu við Lambhagatjörn. Flestir skemmtiskipafarþega, eða um 2/3 hluti, gengu merktar gönguleiðir með leiðsögumönnum úr skipunum, annað hvort Rauða hringinn eða Græna hringinn. Um 1/3 þeirra hélt sig eingöngu í og við þorpið.

GPS mælingarnar sýna að um 60% allra ferðamanna í Hrísey, sem tók þátt í þessum hluta rannsóknarinnar, gengu einungis innan þorpsins á meðan dvöl þeirra stóð (mynd 52, appelsínugula svæðið). Taka þarf tillit til þess að mælingar fóru meðal annars fram yfir fjölsóttar hátíðir í Hrísey, þ.e. Hríseyjarhátíðin, Rabbabarahátíðin og Hinsegin dagar. Mikið var um að vera í þorpinu á þessum dögum sem gæti útskýrt af hverju flestar mælingar mældust eingöngu við þorpið. Aðeins 7% fóru um norðurhluta eyjarinnar (mynd 52, fjólubláa leiðin), þ.e. um það svæði sem er í einkaeign og Náttúrufræðistofnun hefur tilgreint á C-hluta

náttúruminjaskrár. Þeir sem fóru um það svæði fóru í skipulagðri ferð með leiðsögumanni frá Hrísey með leyfi frá landeiganda. Mælingar í Hrísey gefa vísbendingar um að umferð út fyrir þorpið, um náttúrusvæði, sé vel stýrt með leiðsögn eða merktum gönguleiðum.

Mynd 52 Dæmi um ferðir gesta um Hrísey. Hver mæling hófst og endaði við hafnarsvæðið.



SAMANTEKT

Markmið rannsóknarinnar sumarið 2023 var að skoða eðli og áhrif ferðamennsku og ferðaþjónustu í Hrísey og ljúka rannsóknum frá árinu áður í Grímsey. Í báðum eyjum var gerð könnun á viðhorfi íbúa til ferðamála og spurningakönnun lögð fyrir ferðamenn, ásamt GPS mælingum á ferðahegðun þeirra. Að auki voru tekin rýnihópaviðtöl við íbúa í Hrísey, líkt og í Grímsey 2022.

Niðurstöður sýna að margt í eðli ferðamennsku og ferðaþjónustu í eyjunum tveimur er áþekkt og áhrifin svipuð. Margt er líka afar ólíkt. Það má að einhverju leyti útskýra með landfræðilegri legu og ólíku aðgengi að eyjunum, en líka mismunandi samfélagi eyjanna.

Í Grímsey er mun meira um skemmtiskipafarþega sem koma þangað í hópum. Þar er meira gistirými en í Hrísey. Á báðum stöðum eru tegundir gististaða þó mjög takmarkaðar. Aðgengi ferðafólks að Hrísey er mun betra en að Grímsey. Hrísey liggur nálægt landi og ferjusiglingin tekur um 15 mínútur. Um þriggja klukkustunda ferð er til Grímseyjar. Eyjarnar eiga það sameiginlegt í aðgengismálum að engar almenningssamgöngur tengjast komu- og brottfarartímum ferjanna. Það eitt og sér takmarkar mjög aðgengi ferðafólks að eyjunum.

Um helmingur húsa í Hrísey eru sumarhús fólks sem býr annars staðar á landinu. Þannig eru í raun tveir hópar íbúa í Hrísey, þar sem hagsmunir fara stundum saman og stundum ekki. Skipulag og utanumhald

samfélagsins á ársgrundvelli er þeirra sem búa þar allt árið, en sumarhúsaeygendur vilja þó hafa sitt að segja um þróun samfélags og byggðar. Í Grímsey eru mörg hús einnig í eigu fólks sem býr uppá landi meiri hluta ársins, en hlutföllin eru þó önnur og eignarhald meira tengt þeim fjölskyldum sem þar búa árið um kring. Þar er þó líkt og í Hrísey, utanumhald samfélagsins á afar fáum höndum.

Grunnskólabörn í Hrísey höfðu, ásamt kennara sínum, nýlokið þátttöku í Evrópusamstarfsverkefni sem fjallaði um eyjasamfélög. Viðhorf þeirra til ferðamennsku og ferðaþjónustu endurspeglaði góða þekkingu - miðað við aldur - á ferðamálum eyjunnar. Þau höfðu skýra framtíðarsýn um uppbyggingu ferðaþjónustu í Hrísey þar sem þau töldu að heimafólk nyti góðs af áframhaldandi þróun greinarinnar. Það helsta sem þau fundu að ferðamennsku í Hrísey var þegar ferðafólk tók ekki tillit til náttúru og samfélags, virti ekki reglur og henti rusli á víð og dreif. Það sem að þeirra mati stendur þróun ferðaþjónustu helst fyrir þrífum er skortur á húsnæði í Hrísey.

Rýnihópaviðtöl við fullorðna Hríseyinga leiddu í ljós að íbúar þar, líkt og í Grímsey, kalla eftir langtímaáætlunum í þróun ferðamála fyrir eyjuna og vilja taka virkan þátt í þeirri áætlanagerð líkt og Grímseyingar. Að mati viðmælenda þarf að skerpa ímynd Hríseyjar í hugum ferðamanna og byggja á því sem er sérstakt fyrir eyjuna. Hríseyingar vilja ekki fjölda ferðamennsku, en vilja byggja upp atvinnugreinina með það að markmiði að skapa fleiri heilsársstörf í samfélaginu. Leggja þarf áherslu á að lengja

ferðamannatímamann í báðar áttir, að þeirra mati er nú þegar nóg um ferðafólk yfir sumartímamann. Íbúar kalla eftir stýringu ferðamála í þágu náttúru og samfélags. Nauðsynlegt sé að lengja opnunartíma staða sem þjónusta ferðamenn eins og sundlaug, salerni, veitingastaði og matvörubúð. Opna þyrfti fyrr á vorin og fyrr á daginn. Vinna þurfi að því að ferðamennskan skilji meira eftir sig á staðnum. Fullorðnu viðmælendurnir voru sammála grunnskólabörnunum með að það vanti gistingu í Hrísey og þá einkum fyrir hópa. Lítið hótél og orlofshús til útleigu voru taldir ákjósanlegir kostir. Viðmælendum var afar tíðrætt um skort á viðhaldi og frekari uppbyggingu á hafnarsvæðinu í Hrísey. Til sé deiliskipulag fyrir það svæði og tímabært að fara að framkvæma eftir því, í þágu atvinnulífs, umhverfis og öryggis vegfarenda.

Helstu niðurstöður **íbúakönnunarinnar í Grímsey og Hrísey** sýna að einungis hluti þeirra sem eiga lögheimili í eyjunum búa þar allt árið um kring. Hlutfallið er heldur stærra í Grímsey en Hrísey, en hafa ber í huga að enginn leik- eða grunnskóli er lengur í Grímsey og það hefur áhrif á þessa niðurstöðu. Þegar kemur að hlutfalli íbúa sem hafa tekjur af ferðaþjónustu skilur á milli þar sem 52% svarenda í Grímsey hafa tekjur af atvinnugreininni en 24% í Hrísey. Svipað hlutfall í báðum eyjum telur ferðamennsku mikilvæga fyrir samfélagið, en mun fleiri svarendur í Grímsey en Hrísey telja hana bæta lífsgæði sín. Mikill meirihluti í Grímsey og Hrísey telja að ferðamennskan í eyjunum hafi þróast á ábyrgan hátt,

en meirihluti í báðum eyjunum vill þó að ferðaþjónustan þar leggi meiri áherslu á sjálfbæra þróun greinarinnar.

Á báðum stöðum er vilji fyrir frekari markaðssetningu á eyjunum sem áfangastaðar fyrir ferðamenn, en Grímseyingar virðast þó áhugasamari en Hríseyingar um að fá fleiri ferðamenn, bæði innlenda og erlenda. Grímseyingar virðast yfirhöfuð hlyntir skemmtiskipakomum, en nokkrir benda þó á að fjöldi skipa sé kominn að efri mörkum og að þessir ferðamenn skilji lítið eftir sig í samfélaginu. Í Hrísey dreifist viðhorf til skemmtiskipaferðamanna meira. Um 16% svarenda telja að draga ætti úr komum skemmtiskipa til Hríseyjar og bent er á að slíkir ferðamenn skilji lítið eftir sig í þágu samfélags og náttúru eyjunnar. Um fjórðungur er hlutlaus gagnvart þessari tegund ferðafólks.

Mikill meirihluti svarenda í Grímsey og Hrísey telja ferðamenn ganga vel um, virða náttúru eyjanna og hafa jákvæð áhrif á samfélagin. Meirihluti Grímseyinga telur að innviðir séu ekki nægilegir til þess að taka á móti þeim ferðamönnum sem koma. Í Hrísey er nokkuð jafnt hlutfall þeirra sem telja að innviðir séu nægilegir til að taka á móti þeim ferðamönnum sem koma og þeirra sem telja að svo sé ekki. Svarendur á báðum stöðum telja að bæta þurfi merkingar og koma upp fleiri almenningssalernum á áningastöðum í eyjunum. Líkt og fram kemur í rýnihópaviðtölunum í báðum eyjum, kalla íbúar eftir markvissara skipulagi og stýringu ferðamála í þágu náttúru og samfélags eyjanna.

Helstu niðurstöður **spurningakönnunarinnar meðal ferðamanna** benda til að ferðamenn búsettir á Íslandi séu mikilvægur markhópur ferðaþjónustu í Hrísey þar sem þeir eru langstærsti hópur svarenda í þessari könnun. Þjóðverjar eru næststærsti hópur svarenda í Hrísey. Í Grímsey eru Bandaríkjamenn fjölmennasti hópurinn, en ferðamenn búsettir á Íslandi næststærsti hópurinn. Ferðamenn í Hrísey virðast heldur yngri en í Grímsey. Þar eru líka mun fleiri endurkomur, meirihlutinn íslenskir ferðamenn. Ferjan og skemmtiferðaskipin eru til jafns algengustu ferðamátar til Grímseyjar. Ferjan hefur yfirburði sem algengasti ferðamáti til Hríseyjar. Nær allir svarendur eru mjög ánægðir með ferjusiglinguna út í Hrísey, meðan viðhorfið dreifist meira meðal svarenda í Grímsey. Meirihlutinn þar er þó ánægður með siglinguna.

Maki og/eða vinir eru algengustu ferðafélagarnir í báðum eyjunum, meðan börn virðast mun algengari ferðamenn í Hrísey en Grímsey. Áberandi er hvað ferðafólk stoppar stutt í báðum eyjum. Sá hópur sem sker sig úr eru íslenskir ferðamenn í Grímsey, sem stoppa mun lengur en aðrir hópar þar. Það gera þeir hins vegar ekki í Hrísey. Algengar leitarsíður eins og Google eiga vinninginn þegar kemur að upplýsingagjöf til ferðamanna fyrir komu til bæði Hríseyjar og Grímseyjar. Stór hluti ferðamanna í Grímsey fær líka upplýsingarnar um borð í skemmtiferðaskipum, en stærsti hluti ferðamanna í Hrísey fær upplýsingar sínar frá fjölskyldu, vinum eða starfsfélögum.

Í báðum eyjum er það náttúra og fuglalíf eyjanna sem er mesta aðdráttaraflið, auk þess sem heimskautsbaugurinn í Grímsey dregur mjög að ferðamenn. Mun fleiri ferðamenn virðast kaupa sér skipulagða ferð eða afþreyingu í Grímsey en Hrísey, í miklum meirihluta erlendir ferðamenn. Fuglaskoðun, ganga án leiðsagnar og heimsókn í minjagripaverslun er það sem flestir taka sér fyrir hendur í Grímsey. Í Hrísey er það ganga án leiðsagnar, heimsókn á veitingastað og í minjagripaverslun. Langflestir voru afar ánægðir með heimsóknina til Grímseyjar og Hríseyjar og flestir töldu einnig að líklegt væri að þeir myndu koma aftur, bæði til Grímseyjar og Hríseyjar. Það átti við um bæði innlendir og erlendir ferðamenn.

Mikill meirihluti ferðamanna í Grímsey telja sig vera ábyrga ferðamenn, segjast ganga vel um náttúruna og að þeir vilji að leggja sitt að mörkum til þess samfélags sem ferðast er til. Í Hrísey dreifast svörin meira þar sem fleiri eru hlutlausir. Mikill meirihluti þar segist þó ganga vel um náttúruna á ferðalögum. Svarendur virðast sammála því að ferðaþjónustan í báðum eyjum sé stunduð á ábyrgan hátt, en nokkuð stórt hlutfall segist þó ekki vita það eða er hlutlaus gagnvart þeirri spurningu.

Þegar ferðafólk var spurt út í viðhorf til ýmissa þátta sem snerta aðstöðu og þjónustu í eyjunum tveimur og sem m.a. tengjast ábyrgri ferðaþjónustu, eru langflestir ánægðir með stöðuna. Athygli vekur að það eru sömu atriðin í báðum eyjum sem virðist helst skorta og er það

RANNSÓKNAMÍÐSTÖÐ FERÐAMÁLA OG HÁSKÓLINN Á HÓLUM

aðgengi að drykkjarvatni, aðgengi að endurvinnslulátum og aðgengi að vörum framleiddum á staðnum.

GPS mælingar í Grímsey og Hrísey gefa skýrt til kynna helstu álagspunkta vegna ferðamanna í eyjunum. Langflestir ferðamenn virðast halda sig á sömu stöðunum/svæðunum á vesturhluta eyjanna.

LOKAORÐ

Með þessari skýrslu lýkur tveggja ára rannsóknum á ferðamálum í Grímsey og Hrísey. Mikið af gögnum hefur safnast sem gefa góða mynd af eðli og stöðu ferðamála í eyjunum tveimur. Einnig gefa þau upplýsingar um viðhorf íbúa til ferðamála og ferðamanna, sem og af hugmyndum þeirra og vilja til frekari uppbyggingar og þróunar atvinnugreinarinnar í eyjunum. Niðurstöður spurningakönnunar sem lögð var fyrir ferðamenn í Grímsey tvö sumur í röð og eitt sumar í Hrísey, gefa mynd af væntingum, þörfum og viðhorfi ferðamanna sem þangað koma. Að lokum gefa GPS mælingarnar raunupplýsingar um ferðahegðun gesta sem nýta má í skipulagsvinnu, m.a. í þágu ferðamála.

Eyjarnar tvær bjóða uppá fjölmörg tækifæri á sviði ábyrgrar ferðamennsku og ferðaþjónustu í átt til sjálfbærrar þróunar greinarinnar. Til þess að svo geti orðið og til þess að vernda þá einstöku náttúru og þau samfélög sem byggja eyjarnar þarf markvisst samtal, langtímaáætlanir og aðgerðir hagaðila ferðamála á svæðinu. Þar er helst að nefna

Akureyrarbæ, Vegagerðina og Markaðsstofu Norðurlands - ásamt ferðaþjónustuaðilum og íbúum í Hrísey og Grímsey.

Við viljum þakka öllum þátttakendum rannsóknarinnar fyrir að gefa sér tíma til að miðla upplýsingum og viðhorfi sínu í þágu rannsóknarinnar. Sérstakar þakkir fá íbúar í Grímsey og Hrísey sem hafa aðstoðað okkur í hvívetna og sýnt okkur einstaka gestrisni og vinsemd.

HEIMILDIR

Agius, K., Theuma, N., & Deidun, A. (2021). So close yet so far: Island connectivity and ecotourism development in central Mediterranean islands. *Case Studies on Transport Policy*, 9(1), 149–160.

Akureyrarbær (e.d.). Grímsey. Aðgengilegt á [Sundlaug Grímseyjar | Grímsey \(akureyri.is\)](https://www.akureyri.is)

Akureyrarhöfn (e.d.). *Cruise Ships*. Aðgengilegt á [Cruise ships – Port of Akureyri](https://www.akureyri.is)

Ása Marta Sveinsdóttir og Laufey Haraldsdóttir. (2023). *Áfangastaðurinn Grímsey: Núverandi staða og framtíðarsýn*. ISBN: 978-9935-505-08-8. Aðgengilegt á [afangastadurinn-grimsey-nuverandi-stada-og-framtidarsyn-juni-2023.pdf \(holar.is\)](https://www.holar.is)

Bielański, M., Taczanowska, K., Muhar, A., Adamski, P., González, L. & Witkowski, Z. (2018). Application of GPS tracking for monitoring spatially unconstrained outdoor recreational activities in protected areas - A case study of ski touring in the Tatra National Park, Poland. *Applied Geography*, 96, 51-65.

D'Antonio, A., Monz, C. A., Crabb, B., Baggio, J. A & Howe, P. D. (2022). Proof of concept study using GPS-based tracking data to build agent-based models of visitors' off-trail behavior in nature-based tourism settings. *Applied Geography*, 147. <https://doi.org/10.1016/j.apgeog.2022.102771>

Hagstofa Íslands. *Mannfjöldi eftir byggðarkjörnum*. Sótt 15. ágúst 2023 af

https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__Byggdakjarnar/MAN030101.px

Hallo, J. C., Beeco, J. A., Goetcheus, C, McGee, J., McGehee, N. G. & Norman, W. C. (2012). GPS as a method for assessing spatial and temporal use distributions of nature-based tourists. *Journal of Travel Research*, 51 (5) (2012), 591-606.

Jóhannesson, G.Th., Welling, J., Müller, D.K., Lundmark, L., Nilsson, R.O., de la Barre, S., Granås, B., Kvidal-Røvik, T., Rantala, O., Tervo-Kankare, K. & Maher, P. (2022). *Uncertain Futures - From Overtourism to Re-starting Tourism*. Nordic Council of Ministers. Aðgengilegt á ["Arctic Tourism in Times of Change " \(norden.org\)](https://www.norden.org)

Korpilo, S., Virtanen, T. & Lehvävirta, S. (2017). Smartphone GPS tracking— inexpensive and efficient data collection on recreational movement. *Landscape and Urban Planning*, 157, 608-617.

Lew, A. og McKercher, B. (2006). Modeling Tourist Movements: A Local Destination Analysis. *Annals of Tourism Research* 33(2). 403-423. <https://doi.org/10.1016/j.annals.2005.12.002>

Maher, P. T., Gelter, H., Hillmer-Pegram, K., Hovgaard, G., Hull, J., Jóhannesson, G. P., Karlsdóttir, A., Rantala, O. & Pashkevich, A. (2014). Arctic Tourism: Realities & Possibilities. In L. Heininen, H. ExnerPiro and J. Plouffe (Ed.). *Arctic Yearbook 2014*, (pp. 290-306). Northern Research Forum.

Markaðsstofa Norðurlands (2021). *Áfangastaðaáætlun Norðurlands. Okkar áfangastaður 2021-2023*. Aðgengilegt á <https://www.northiceland.is/static/files/PDF/Skyrslur/afangastadaaetlun-2021-2023.pdf>

Mathew, P. & Kumar, R. (2014). Responsible tourism - a grass root level empowerment mechanism: case study from Kerala. *Innovative Issues and Approaches in Social Sciences*, 7(1).

Mihalic, T. & Kušcer, K. (2022). Can overtourism be managed? Destination management factors affecting residents' irritation and quality of life. *Emerald Publishing Limited*, 77(1), 16-34. DOI 10.1108/TR-04-2020-0186

Náttúrufræðistofnun Íslands. *Náttúruminjaskrá*. Sótt 15. ágúst 2023 af <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra>

Nilsson, P. Å. (2008). Tourism in Cold Water Islands: A Matter of Contract? Experiences from Destination Development in the Polar North. *Island Studies Journal*, 3(1). 97-112

Palma, D., Varnajot, A., Dalen, K., Basaran, I. K., Brunette, C., Bystrowska, M., Korablina, A. D., Nowicki, R. C. & Ronge, T.A. (2019). Cruising the marginal ice zone: climate change and Arctic tourism. *Polar Geography*, 42(2), 215-235. DOI: <https://doi.org/10.1080/1088937X.2019.1648585>

Santana, C. C. (2022). The potential of disruptive transport infrastructure for tourism development in emerging island destinations: Research project in the Faroe Islands. *Island Studies Journal*, Early access, <https://doi.org/10.24043/isj.387>

Seraphin, H., Yallop, A. C., Seyfi, S. & Hall, M. C. (2020). Responsible tourism: the 'why' and 'how' of empowering children. *Tourism Recreation Research*, 47 (1), 62-77. Sugimoto, K., Ota, K. og Suzuki, S. (2019). Visitor mobility and spatial structure in a local urban tourism

destination: GPS tracking and network analysis. *Sustainability* 11(3). 919. <https://doi.org/10.3390/su11030919>



2024